# FRÉTTABLAÐIÐ

58. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 9. MARS 2018




Á meðan íbúar höfuðborgarsvæðisins sjá vorið í hillingum hefur Vetur konungur látið á sér kræla norður í Eyjafirði. Fyrir rúmri viku hafði allan snjó tekið upp á Akureyri. En um síðustu helgi byrjaði að snjóa og hefur snjókoman staðið yfir með stuttum hléum. Fólki til mismikillar skemmtunar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur skrifar um sívinsælan blóraböggul. 11

**SPORT** Fram og Haukar mætast í bikarúrslitum kvenna. 12

**LÍFIÐ** Mike Stroud og Agustin White unnu nýja tónlist mestmegnis í gegnum tölvupóst. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **VERK OG VIT**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Líklegt að sameinað fyrirtæki losi um eignir

**Móðurfélag Bónuss og Hagkaupa dró í gær til baka samrunatilkynningu vegna samruna við Olís. Sérfræðing í samkeppnisrétti grunar að skilyrði fyrir samrunanum hafi virkað umfangsmikil og þung. Reyna á samruna að nýju.**

**SAMKEPPNI** Sérfræðingur í samkeppnisrétti telur að verði af sameiningu Haga, Olís og fasteignafélagsins DGV þurfi hið nýja fyrirtæki mögulega að sæta skilyrðum um að losa sig við eignir. Hagar drógu í gær samrunatilkynningu vegna fyrirhugaðrar sameiningar fyrirtækjanna þriggja til baka, en mun senda inn nýja samrunatilkynningu innan skamms.

„Mig grunar að Hagar hafi séð af viðbrögðum Samkeppniseftirlitsins að skilyrði samrunans yrðu umfangsmikil og þung í utanumhaldi. Í stað þess að fara í samningaviðræður um þetta þá hafi þeir talið vænlegra að endurhanna samrunann og hafa hann ekki jafn yfirgripsmikinn,“ segir Eggert B. Ólafsson, lögmaður og sérfræðingur á sviði samkeppnisréttar. Mögulega þurfi Olís og N1 að skipta upp Olíudreifingu. Eggert segir að skoða þurfi þennan fyrrnefnda samruna í samhengi við annan samruna sem stendur fyrir dyrum. Það er samruni olíufélagsins N1 og Festar, sem rekur meðal annars Krónuna og Nóatún. Þar sé strúktúrinn sá sami og komi til með að hafa áhrif á markaðsstöðuna.

> Við teljum okkur geta boðið heildstæð skilyrði sem séu til þess fallin að leysa málið.
>
> Finnur Árnason, forstjóri Haga

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir fyrirhugaðan samruna N1 og Festar þó ekki hafa spilað inn í ákvörðunina um að draga samrunatilkynninguna til baka. „Við teljum okkur geta boðið heildstæð skilyrði sem séu til þess fallin að leysa málið. Því er þessi leið farin.“ – jóe

## Lána Stjörnunni hús án gjalds

**HÚSNÆÐISMÁL** Bæjarfulltrúi í Garðabæ vill vita hvers vegna bærinn láti ungmennafélaginu Stjörnunni í té fasteignir endurgjaldslaust á sama tíma og íbúar eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði.



Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar

„Við höfum fært þetta sem styrki. Þetta er húsnæði sem við erum ekki að leigja almennt út og er tímabundið. Sumt af þessu er til niðurrifs,“ segir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar.

Ein þeirra eigna sem Stjarnan fær til afnota er 254 fermetra einbýlishús við Ránargrund sem Hlynur Bæringsson, landsliðsmaður og leikmaður Stjörnunnar í körfuknattleik, býr í. Húsið keypti bærinn fyrir þó nokkrum árum með það fyrir augum að rífa það. – smj / sjá síðu 4


Kringlan 30 ára

8.-12. MARS

KRINGLUKAST



20–50%

AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

## Veður




Nokkuð hvöss norðanátt með éljum austanlands, annars hægari og víða bjart veður, en þykknar nokkuð upp með heldur vaxandi suðaustanátt með vesturströndinni síðdegis.
SJÁ SÍÐU 18



Kerið er vinsælt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tryggja beri öryggi við Kerið

**GRÍMSNES** „Sveitarstjórn lýsir yfir miklum áhyggjum vegna umferðaröryggismála við Kerið þar sem umferð hefur aukist verulega,“ segir í bókun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu 27. febrúar hafnaði sveitarstjórnin hugmyndum um uppbyggingu frekari ferðaþjónustu við Kerið því landeigendur féllust á að flytja aðkomuleið að náttúruperlunni á tryggari stað austar á Biskupstungnabraut. „Þegar það koma tíu bílar á þrjátíu mínútna fresti þá er þetta orðin gríðarleg traffík,“ sagði Gunnar Þorgeirsson oddviti.

Óskað hefur verið eftir tillögum Vegagerðarinnar um úrbætur **– gar**

# Tveir létust í banaslysi

**SLYS** Erlendir ferðamenn, karl og kona, létust í árekstri vörubifreiðar og fólksbifreiðar á Lyngdalsheiðarvegi í gær.

Lögreglan á Suðurlandi rannsakar tildrög slyssins í samvinnu við tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Teknar hafa verið skýrslur af vitnum og af ökumanni vörubifreiðarinnar. Hann var fluttur til aðhlynningar á sjúkrahúsi, ásamt farþega í bílnum. Samkvæmt tilkynningu frá lögreglu eru meiðsli þeirra ekki alvarleg. **– jhh**

# Konur gegn kúgun



Konur efndu til baráttufundar í gær, á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna, fyrir friði og jafnrétti undir yfirskriftinni Konur gegn kúgun. Fjölmörg samtök og hreyfingar hafa fagnað þessum degi á síðustu áratugum. Baráttukonan Hildur Lilliendahl var ein framsögukvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tvö ný kosin í stjórnina

**VIÐSKIPTI** Tvö ný voru kjörin í stjórn Icelandair Group á aðalfundi í gær. Þau Guðmundur Hafsteinsson og Heiðrún Jónsdóttir koma ný inn í stjórn. Ásthildur Margrét Otharsdóttir, Ómar Benediktsson og Úlfar Steindórsson, formaður stjórnar, voru öll endurkjörin. Georg Lúðvíksson, stofnandi Meniga, gaf ekki kost á sér í stjórn. Sjö einstaklingar gáfu kost á sér í stjórnina en þær Helga Viðarsdóttir og Katrín Olga Jóhannesdóttir voru ekki kjörnar. **– jhh**



Úlfar Steindórsson.

# Flokkur fólksins boðar mikla flugeldasýningu

**Flokkur fólksins býður fram í borginni í vor en ætlar ekki að flýta sér. Inga Sæland finnur hvernig flokkurinn ruggar bátnum á Alþingi. Hún fagnar niðurstöðunni í formannskjöri Eflingar og segir kjör Sólveigar til vitnis um nýja tíma.**

**STJÓRNMÁL** „Við förum fram í borginni, ekki spurning,“ segir Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, aðspurð um framboð í komandi borgarstjórnarkosningum. „Við eigum eftir að auglýsa okkar stóra fund þegar við höldum okkar flugeldasýningu í kringum okkar framboð. Við erum hins vegar ekkert að flýta okkur og viljum ekki týnast í umræðunni.“

Sveitarstjórnarkosningarnar fara fram 26. maí næstkomandi og rennur framboðsfrestur út laugardaginn 5. maí.

Inga Sæland skaust upp á stjörnuhimin íslenskra stjórnmála þegar hún náði óvænt fimm mönnum inn á þing í síðustu alþingiskosningum, eftir dramatíska frammistöðu í framboðsþætti kvöldið fyrir kosningar.

„Ég vildi að hlutirnir gengju hraðar fyrir sig og vildi gjarnan hafa meiri áhrif,“ segir Inga um líf sitt og störf í þinginu og segist þó vel finna fyrir þeim áhrifum sem hún og hennar flokkur hafi.

„Ég veit að við erum að rugga bátnum. Ég veit það sjálf og það vita það allir þarna niður frá. Við njótum ákveðinnar sérstöðu þarna inni og vitum það öll sem eitt.“

Aðspurð segist Inga vera í góðum tengslum við fólkið í samfélaginu og hún fær mikið af símtölum og fyrirspurnum. „Við fáum rosalega mikinn póst og alls konar skýrslur og fyrirspurnir frá fólki. En það sem er verst er að geta ekki hjálpað öllum sem hringja í mig og biðja mig að hjálpa sér,“ segir Inga og bætir við: „Ástandið er miklu, miklu alvarlegra hjá fólki heldur en ráðamenn eins og hæstvirtur fjármálaráðherra vilja meina. Þetta er bara alveg svakalega sorglegt, en við berjumst. Það er alveg á hreinu.“



Inga Sæland, alþingismaður og formaður Flokks fólksins, segir stöðu margra í samfélaginu miklu verri en ráðamenn haldi fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Ég veit að við erum að rugga bátnum. Ég veit það sjálf og það vita það allir þarna niður frá. Við njótum ákveðinnar sérstöðu þarna inni.**
>
> Inga Sæland, alþingismaður og formaður Flokks fólksins

Inga segist þó finna að breytingar liggi í loftinu og fagnar sérstaklega niðurstöðu kosningar í formannskjöri Eflingar, þar sem Sólveig Anna Jónsdóttir bar sigur úr býtum.

„Ég er brjálæðislega glöð með úrslitin hjá Eflingu. Það eru breytingar í loftinu og það verða breytingar,“ segir Inga vígreif og vonast til að þær breytingar komi fram á fleiri sviðum. Hún nefnir sem dæmi mál sem höfðað hefur verið gegn Tryggingastofnun þar sem látið er reyna á lögmæti breytinga á lögum um almannatryggingar sem hafði þau áhrif að greiðslur sem lögin tryggðu lífeyrisþegum voru aldrei greiddar heldur lögunum breytt með afturvirkum hætti. Aðalmeðferð málsins fer fram í dag í Héraðsdómi Reykjavíkur. **adalheidur@frettabladid.is**



# Stórsýningin Verk og vit 2018

Íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð

## Laugardalshöll 8.–11. mars

# Velkomin!

**Sýning • ráðstefna • viðburðir**

Allt það nýjasta í íslenskum byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð







| OPNUNARTÍMI | | FAGAÐILAR | ALMENNIR GESTIR |
|---|---|---|---|
| Föstud. | 9. mars | kl. 11-19 | |
| Laugard. | 10. mars | kl. 11-17 | kl. 11-17 |
| Sunnud. | 11. mars | kl. 12-17 | kl. 12-17 |
| Verð aðgöngumiða | | kr. 2.500 | kr. 1.500 |

Aðgöngumiði fagaðila gildir alla sýningardagana

Miðasala við innganginn

Nánari upplýsingar á verkogvit@verkogvit.is og í síma 514 1430

**www.verkogvit.is**

Framkvæmdaraðili:
AP almannatengsl

H2 hönnun

SAMSTARFSAÐILAR

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

SI

BYKO

# Naflaskoðun menningargeirans eftir #MeToo er hafin

**MENNING** „Það var skorað á okkur að gera úttekt til að átta okkur á stöðunni og SAVÍST tók þeirri áskorun,“ segir Kristín Eysteinsdóttir, formaður SAVÍST, Samtaka atvinnurekenda í sviðslistum.

Sálfræðistofan Líf og sál hefur verið fengin til að gera svokallað áhættumat innan allra þeirra menningarstofnana sem eiga aðild að SAVÍST og gott betur, en úttektin á rætur sínar að rekja til afhjúpana kvenna í sviðslistum í #MeToo-byltingunni í síðasta ári.

Konurnar sem stigu fram undir yfirskriftinni Tjaldið fellur í lok nóvember kröfðust þess meðal annars að yfirvöld, leikhús og framleiðslufyrirtæki tækju á málinu af festu og kæmu sér upp viðbragðsáætlun og verkferlum.

Stjórnendur þeirra menningarstofnana sem eiga aðild að SAVÍST lýstu því yfir í kjölfarið að brugðist yrði við þeim ríflega sextíu frásögnum sem birtar voru og að gerð yrði sameiginleg fagleg úttekt á stöðunni.


Kristín Eysteinsdóttir

Spurningalistakönnun var nýverið send út rafrænt til allra starfsmanna menningarstofnana en þar sem hún er enn opin liggja niðurstöður úttektarinnar ekki fyrir.

„Þetta er úttekt á ýmsum þáttum eins og kynferðislegri áreitni, kynferðisofbeldi, einelti og valdníðslu. Það er verið að taka fyrir mjög marga þætti í þessari könnun,“ segir Kristín.

Aðild að stjórn SAVÍST eiga stjórnendur Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Íslenska dansflokksins, Borgarleikhússins, Ríkisútvarpsins, Íslensku óperunnar, Menningarfélags Akureyrar og Leikfélags Akureyrar. Kristín segir að Félag íslenskra leikara og Harpa hafi að auki komið inn í verkefnið með þeim. SAVÍST hafi viljað opna á framtakið og fá sem flesta til að taka þátt.

Niðurstöðurnar verða kynntar á fundi SAVÍST og ákvörðun tekin um næstu skref í stjórn. **– smj**

## Aðstoðar konur með búrkur

**DANMÖRK** Fransk-alsírskur kaupsýslumaður, Rachid Nekkaz, kveðst reiðubúinn að borga allar sektir fyrir konur sem klæðast nikab og búrku í Danmörku verði sett lög þar sem banna slíkan klæðnað.

Hann hefur nú þegar greitt jafnvirði meira en 33 milljóna íslenskra króna sem konum í sex Evrópulöndum var gert að greiða vegna klæðaburðar síns.

Nekkaz segir þetta hafa haft þau áhrif að lögunum um bann við klæðnaði sem hylur andlit sé nú ekki lengur framfylgt í Belgíu. Þær séu ekki lengur sektaðar þar. **– ibs**

## Guðrún áfram formaður SI

**ATVINNUMÁL** Guðrún Hafsteinsdóttir var endurkjörin formaður Samtaka iðnaðarins með tæplega 90 prósentum greiddra atkvæða á aðalfundi í gær. Hún verður því formaður næsta árið.


Guðrún Hafsteinsdóttir.

Í ræðu á þinginu sagðist Guðrún vera hugsi yfir því að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sé ekkert minnst á iðnað. „Orðið „iðnaður“ kemur ekki fyrir í gjörvöllum sáttmálanum. Þar eru sérstakir kaflar um landbúnað, sjávarútveg, ferðaþjónustu og fjármálakerfið. En ekki eitt orð um iðnað þrátt fyrir að iðnaður á Íslandi skapi nær 30% landsframleiðslunnar,“ sagði hún. **– jhh**

**LEIÐRÉTTING**

*Þórey Eyþórsdóttir myndlistarkona, sem sýnir í Gallerí Vest, var rangfeðruð í Fréttablaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á því.*

# Garðabær styrkir Stjörnuna með húsnæði fyrir leikmenn

**Garðabær leigir Stjörnunni þrjár fasteignir endurgjaldslaust til að hýsa atvinnu- og afreksíþróttafólk félagsins. Bæjarstjórinn segir litið á leigulausu afnotin sem styrk til Stjörnunnar. Bæjarfulltrúi spyr hver vegna fjórtán fasteignir í eigu bæjarins séu leigðar á almennum markaði þegar biðlisti sé eftir félagslegu húsnæði.**

**HÚSNÆÐISMÁL** „Við höfum fært þetta sem styrki. Þetta er húsnæði sem við erum ekki að leigja almennt út og er tímabundið. Sumt af þessu er til niðurrifs,“ segir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar.

Tvær íbúðir og eitt 250 fermetra einbýlishús í eigu bæjarins eru leigð íþróttafélaginu Stjörnunni endurgjaldslaust fyrir atvinnu- og afreksíþróttafólk félagsins. Bæjarfulltrúi í Garðabæ vill vita hvers vegna bærinn leigi eignirnar og ellefu aðrar á almennum markaði á sama tíma og íbúar eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði.

„Stjarnan hefur farið þarna inn með sitt fólk og tjaslað þessu aðeins til en þetta er yfirleitt tímabundið. Það hefur verið ágætis lausn þannig. Þannig höfum við náð að styrkja félagið og starfsemina þar,“ segir Gunnar aðspurður um íbúðirnar sem Stjarnan fær endurgjaldslaust.

Hinar ellefu fasteignirnar sem María Grétarsdóttir, bæjarfulltrúi M-lista fólksins í bænum, spurði um á fundi bæjarráðs á þriðjudag eru leigðar út gegn greiðslu.

Ein þeirra eigna sem Stjarnan fær til afnota er 254 fermetra einbýlishús við Ránargrund sem Hlynur Bæringsson, landsliðsmaður og leikmaður Stjörnunnar í körfuknattleik, býr í. Húsið keypti bærinn fyrir þó nokkrum árum með það fyrir augum að rífa það.

„Við höfum sagt við Stjörnuna að þarna sé húsnæði sem við viljum ekki leigja út vegna þess að það var stefnt að því að rífa það og það er ekki í góðu ásigkomulagi. Við vildum ekki fara í viðgerðir á húsinu til að fara að leigja það út. Stjarnan leit á þetta hús og gerði eitthvað við það. En það er bara tímabundið. Við keyptum það á sínum tíma til niðurrifs. Síðan fékk leikskóli þarna inni þar til heilbrigðiseftirlitið gerði athugasemdir við að það væri ekki nægjanlega gott.“


**Þetta 254 fermetra einbýlishús við Ránargrund er meðal þeirra eigna sem Garðabær leigir Stjörnunni endurgjaldslaust. Bærinn eignaðist húsið stóra fyrir rúmum áratug en upphaflega stóð til að rífa það.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Það hefur verið ágætis lausn þannig. Þannig höfum við náð að styrkja félagið og starfsemina þar
>
> Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar



Aðspurður segir Gunnar að þær íbúðir í eigu bæjarins sem leigðar eru út á almennum markaði henti ekki til félagslegrar útleigu.

„Þetta er víkjandi húsnæði. En við erum að fara yfir hverja og eina íbúð með skýringum á hvernig fólk hefur farið þar inn og hvers vegna og það leggjum við fram í bæjarráði á þriðjudag.“

Aðspurður hversu margir bíði eftir félagslegu húsnæði kveðst Gunnar ekki vita nákvæma tölu nú en nýverið hafi það verið rétt rúmlega tuttugu. Þar sé ekki fólk í bráðri neyð.

„Það er enginn á götunni, það er fólk sem er að óska eftir öðruvísi húsnæði. Biðlistinn okkar er tiltölulega stuttur miðað við það sem gengur og gerist í nágrannasveitarfélögunum.“

Ljóst er að Stjarnan fær ágæta meðgjöf frá bænum því á sama bæjarráðsfundi var samþykkt að veita félaginu tæpar 1,7 milljónir í styrk til að greiða álögð fasteignagjöld félagsins. **mikael@frettabladinu.is**




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.jeep.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

# Girnilegar melónur, ~~má ég kreista þínar?~~

Byggt á raunverulegum frásögnum úr könnun VR um kynferðislega áreitni

## Enginn ætti að gera eða segja eitthvað sem lætur þér eða öðrum líða óþægilega

### Við erum til staðar fyrir þig!

Hjá VR er starfandi teymi sem aðstoðar félagsmenn í málum sem tengjast kynferðislegri áreitni.

**Hafðu samband við VR**
í síma 510 1700 eða á vr@vr.is og fáðu aðstoð.

**Nánari upplýsingar á vr.is/areitni**

VR

## Kynferðisleg áreitni er ofbeldi

### VIRÐING Á VINNUSTAÐ

Kynferðisleg áreitni er hegðun, sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

### TÖLUM SAMAN

Það þarf hugrekki til að bregðast við. Láttu viðkomandi vita af óviðeigandi framkomu, talaðu við trúnaðarmann þinn, yfirmann, vinnufélaga eða stéttarfélagið þitt. Við hjá VR hlustum og aðstoðum.

### STUÐNINGUR

Stuðningur frá samstarfsfólki getur breytt lífi þeirra sem verður fyrir kynferðislegu áreitni. Gríptu til aðgerða þegar þú verður vitni að kynferðislegri áreitni. Styðjum hvort annað.

18-1459-HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Hugsanlegt að frekari tafir verði á ferðum Strætó í dag

**SAMGÖNGUR** Hugsanlegt er að tafir verði á ferðum strætisvagna í Reykjavíkurborg í dag. „Við þurfum bara að sjá og við hvetjum fólk á leið 12 og 14 til að fylgjast með tilkynningum frá okkur,“ segir Guðmundur Heiðar Helgason, markaðs- og upplýsingafulltrúi Strætó.

Nokkrar ferðir voru felldar niður í gær og í fyrradag vegna bilana í mörgum strætisvögnum á þessum leiðum.

„Þessir vagnar eru á vegum eins verktakans okkar. Hann grunar að leysingarnar sem voru hérna um daginn hafi orðið upphafið að því að vagnarnir byrjuðu að klikka. Og þetta eru um tíu vagnar,“ segir Guðmundur en bilun mun hafa orðið í svokölluðum IBS-ventlum í vögnunum.

„Þeir eru að bíða eftir nýjum vögnum og þeir koma á mánudaginn. Þannig að þeir eru fátækir af vögnum og svo erum við hjá Strætó bs. líka orðnir fátækir af vögnum,“ segir Guðmundur.

Tveir elstu vagnarnir í eigu Strætó eru átján ára gamlir, en 49 af þeim 91 vagni sem Strætó er með í rekstri eru eldri en tíu ára.

Vagnarnir sem hafa bilað undanfarna daga eru hins vegar ekki í eigu Strætó. Þeir eru í eigu undirverktakans, Kynnisferða, og eru um tveggja ára gamlir. – jhh



**Næstum helmingur af þeim vögnum sem Strætó á er tíu ára eða eldri. Vagnarnir sem hafa verið að bila eru þó töluvert yngri.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON.

## Borgin verji leigjendur fyrir hækkunum

**STJÓRNMÁL** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að ef leiga á húsnæði hjá Félagsbústöðum verði hækkuð verði leigjendur varðir fyrir áhrifum af því.

„Í fyrra var staðan sú að af því að við erum að fjölga félagslegum leiguíbúðum mjög mikið, þá lögðu Félagsbústaðir til við borgina að leigan myndi hækka. Á það var fallist, en þó þannig að við hækkuðum viðmið húsnæðisbóta og hækkuðum sérstakar húsaleigubætur þannig að við myndum verja leigjendur fyrir því,“ segir Dagur.

> Í fyrra var staðan sú að af því að við erum að fjölga félagslegum leiguíbúðum mjög mikið, þá lögðu Félagsbústaðir til við borgina að leigan myndi hækka. Á það var fallist.



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

Auðunn Freyr Ingvarsson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða, sagði í samtali við Fréttablaðið að hann sæi fyrir sér hækkun á leiguverði um allt að 5 prósent á þessu ári. „Það var talað um að meta það um mitt ár hvort það reyndist þörf fyrir það. Það veltur bæði á framkvæmdahraða þessara uppbyggingarverkefna og þróuninni á markaðnum að öðru leyti,“ segir Dagur.

Dagur segir ekki hægt að slá neinu föstu varðandi hækkanir fram undan öðru en því að ef einhverjar slíkar breytingar þurfi að koma til þá muni borgin verja leigjendur fyrir áhrifunum af þeim. – jhh

# Gen stórlaxa eru afar mikilvæg

Rannsókn Hafrannsóknastofnunar fyrir Veiðifélag Þverár og Kjarrár þykir styrkja kenningar um mikilvægi þess fyrir laxastofna að þyrma stórlaxi. Þar veiddist í fyrra mesti fjöldi stórlaxa frá árinu 1990, eða í 27 ár.

**LAXVEIÐI** „Það hefur orðið viðsnúningur og við erum farin að nálgast það sem var fyrir tuttugu árum í hlutdeild stórlaxa,“ segir Sigurður Már Einarsson, annar tveggja höfunda nýrrar skýrslu Hafrannsóknastofnunar um vöktun laxastofna í Þverá og Kjarrá í Borgarfirði.

Í skýrslunni, sem unnin er fyrir veiðifélag svæðisins, gera Sigurður og Ásta Kristín Guðmundsdóttir grein fyrir aukinni laxagengd í Þverá og Kjarrá samfara auknum sleppingum á veiddum laxi.

Sigurður hefur unnið að rannsóknum á svæðinu frá árinu 1989. Þar hefur í áratug eingöngu verið veitt á flugu og er skylda að sleppa stórlaxi.

Alls veiddust 2.067 laxar á vatnasvæði Þverár sumarið 2017. Af þeim voru 1.475 smálaxar og 592 stórlaxar. Þetta er mesti fjöldi stórlaxa í Þverá/Kjarrá síðan árið 1990. „Alls var 1.009 löxum sleppt í veiðinni, þar af 83,4 prósent stórlaxa og 34,9 prósent smálaxa. Fjöldi og hlutdeild stórlaxa fer vaxandi í veiðinni og eru þeir með 25-30 prósent hlutdeild í gönguseiðaárgöngum 2013 til 2015,“ segir í skýrslunni.

Þau Sigurður og Ásta segja í skýrslunni að komið hafi í ljós að aðeins eitt gen skýri 39 prósent breytileikans í aldri við kynþroska í laxi. Vísa þau í niðurstöður bandarískra vísindamanna frá árinu 2015.

„Tvö afbrigði eru af geninu, smálaxaafbrigði þar sem arfhreinir einstaklingar verða kynþroska snemma og stórlaxaafbrigði þar sem arfhreinir einstaklingar verða kynþroska seint. Afar mikilvægt er því að vernda þann erfðaþátt sem snýr að síðkynþroska,“ útskýra þau. Vonast sé til að þessum erfðaþætti hafi ekki hnignað.

Þá er rakið að á vatnasvæði Þverár hafi stórlax verið verndaður með skyldusleppingum á tveggja ára laxi úr sjó.



**Veitt í Klapparfljóti. „Aukin hlutdeild stórlaxa hefur mjög jákvæð áhrif á hrygninguna í ánum, auk þess sem stórlaxinn gengur fyrr í árnar og lengir þannig virkan veiðitíma,“ segir í skýrslu um Þverá/Kjarrá.** MYND/SIGURÐUR MÁR EINARSSON

> Það hefur orðið viðsnúningur og við erum farin að nálgast það sem var fyrir tuttugu árum í hlutdeild stórlaxa.

Sigurður Már Einarsson fiskifræðingur

„Ekki er að fullu ljóst hvort fjölgun stórlaxa stafi af auknum sleppingum þeirra í stangveiðinni eða hvort breytingar á sjávarumhverfi eigi þar þátt. Verndun stórlaxa í ánni er á hinn bóginn án efa mjög mikilvæg. Væntanlega verður hægt að skera úr um það með frekari rannsóknum á komandi árum.“

Sigurður segir að auk genanna geti umhverfisáhrif haft áhrif á stærð laxanna, sérstaklega aðstæður í sjónum. „En þetta er kynbundið líka. Hrygnurnar verða frekar stórlax heldur en hængarnir.“

Að sögn Sigurðar byrjaði Veiðimálastofnun fyrir um 15 til 20 árum að beina því til veiðimanna að sleppa stórlaxi. Þetta hafi smám saman unnið sér sess.

„Það er alveg klárt,“ svarar Sigurður spurður hvort líklegt sé að stórlax gefi af sér aðra stóra laxa. Vísbendingarnar hníga því að því að verndun stórlaxa skili árangri til hagsbóta fyrir veiðiréttareigendur og veiðimenn sem sækist eftir að fást við stóran lax.

Fram kemur í skýrslunni að 26 prósent veiddra laxa á vatnasvæði Þverár í fyrra hafi verið veidd oftar en einu sinni og fjögur prósent oftar en tvisvar.

Aðspurður um þá gagnrýni að veiddur lax laskist eða jafnvel drepist eftir að honum er sleppt segir Sigurður gögn ekki benda til þess.

„Ég held að þessi orðrómur um að þetta fari mjög illa með fiskinn sé ekki réttur. Hættan er helst ef árnar eru mjög heitar, yfir átján gráður. En við íslenskar aðstæður er mjög fátítt að við séum að finna dauða laxa í ánum. Laxinn þolir þetta vel ef hann er handleikinn rétt,“ segir Sigurður Már Einarsson.

**gar@frettabladid.is**


Veldu Panodil sem hentar þér!

Verkjastillandi og hitalækkandi




**Panodil filmuhúðaðar töflur, Panodil Zapp filmuhúðaðar töflur, Panodil Junior mixtúra, dreifa, Panodil Hot mixtúruduft, lausn til inntöku, Panodil Brus freyðitöflur.** Inniheldur paracetamól. Við vægum verkjum. Hitalækkandi. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lífið heil




## Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir **með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár**.
Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og slepptu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA
FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Mikill áhugi á ógeðfelldu máli Madsens

**Mál Peters Madsen var tekið fyrir í Kaupmannahöfn í gær. Hann er ákærður fyrir að hafa myrt, nauðgað og sundurlimað sænsku blaðakonuna Kim Wall í ágúst í fyrra. Madsen neitar sök. Blaðamenn frá fimmtán ríkjum fylgdust með en málið hefur vakið heimsathygli.**

**DANMÖRK** Réttarhöld yfir hinum danska Peter Madsen hófust í gær. Hann er meðal annars ákærður fyrir að hafa myrt sænsku blaðakonuna Kim Wall á síðasta ári, nauðgað henni og sundurlimað lík hennar og vanvirt. Málið hefur vakið heimsathygli og þurfti að setja upp sérstakt áheyrnarherbergi fyrir blaðamenn vegna margmennis. Þar fylgdust á annað hundrað blaðamanna frá fimmtán ríkjum með réttarhöldunum.

Wall hitti Madsen í Kaupmannahöfn þann 10. ágúst 2017 og fór með honum um borð í kafbát hans þar sem til stóð að taka viðtal. Wall sást ekki aftur fyrr en lík hennar fannst, suður af Kaupmannahöfn, ellefu dögum síðar.

Jakob Buch-Jepsen saksóknari fór yfir málsatvik við upphaf réttarhaldanna. Vakti hann sérstaklega athygli á því að framburður Madsen hefði breyst mikið við rannsókn málsins. Fyrst hafi hann sagst hafa verið einn um borð í kafbátnum. Síðar hélt hann því fram að Wall hefði dáið eftir að hafa rekið höfuðið í hlera í bátnum og enn síðar að hún hefði hugsanlega látist af völdum kolmónoxíðeitrunar.

Meðal annars kom fram í málflutningi saksóknara að á meðal leitarorða sem Madsen hafði flett upp á Google hafi verið afhöfðun, sálarangist, henging, kvalir og sársauki. Það hafi verið innan við sólarhring áður en hann lagði úr höfn með Wall. Fjallaði hann að auki um að Madsen hafi fest málmpípur á sundurlimað líkið til að sökkva því og sýndi myndir af hnífstungum á líkama hennar.

Betilda Hald Engmark, verjandi Madsens, sagði hins vegar að engar upplýsingar lægju fyrir um raunverulega dánarorsök. Ekki hefði heldur verið sannað að hið meinta kynferðisbrot hefði átt sér stað. Skortur á sönnunargögnum væri það mikill að sýkna ætti Madsen.

## Hvað gerðist hvenær og hvar?



Heimildir: Google Maps og BBC

> Ég vildi ekki deila því með neinum hve hræðilegur dauðdagi hennar var.
>
> Peter Madsen uppfinningamaður

Þegar Madsen bar vitni sagðist hann enn neita sök. Hann hafi breytt framburði sínum til að reyna að hlífa fjölskyldu Wall við sannleikanum um örlög hennar. „Ég vildi ekki deila því með neinum hve hræðilegur dauðdagi hennar var.“

Aðspurður hvers vegna hann bútaði lík Wall niður, og hvort hann hefði fengið eitthvað út úr því kynferðislega, sagðist Madsen hafa viljað koma sér úr aðstæðunum. Viljað losa sig við Wall. Að sögn blaðamanns DR virtist Madsen þar að auki pirrast yfir spurningu um hvort hann hafi sundurlimað Wall í kynferðislegum tilgangi. Það hefði honum raunar þótt ógeðfellt.

thorgnyr@frettabladid.is


**Mynd af Madsen sem var teiknuð í dómsal í gær.** NORDICPHOTOS/AFP



# Úr vönduðu að ráða á **tilboði**

## Audi Q5 Sport Quattro

- 18” álfelgur 5-arma design
- Bílhitari með fjarstýringu
- Dráttarbeisli innfellanlegt
- LED aðalljós og LED afturljós
- Þriggja svæða miðstöð
- Audi Sound System
- Audi Smartphone interface
- Sportsæti með tauáklæði
- Rafmagnsopnun á skotthlera
- Skynjarar að framan og aftan
- Bakkmyndavél
- Hraðastillir

~~Listaverð 8.650.000 kr~~

**Tilboðsverð 7.290.000 kr.**

## Audi Q5 Sport Quattro Comfort

- MMI Plus Leiðsögukerfi
- MMI Touch snertiflötur
- Stafrænt mælaborð
- Audi Connect pakki
- Stærri aðalskjár 8,3“
- Hljóðeinangrandi hliðarrúður
- 18” álfelgur 5-arma design
- Bílhitari með fjarstýringu
- Dráttarbeisli innfellanlegt
- LED aðalljós og LED afturljós
- Þriggja svæða miðstöð
- Audi Sound System
- Audi Smartphone interface
- Sportsæti með tauáklæði
- Rafmagnsopnun á skotthlera
- Skynjarar að framan og aftan
- Hraðastillir

~~Listaverð 9.100.000 kr.~~

**Tilboðsverð 7.890.000 kr.**

## Audi Q5 Quattro Sport S-line

- Loftpúðafjöðrun
- 19“ S-line álfelgur
- S-line útlitspakki
- S-line vindskeið
- S-line hurðalistar
- S-line sætisáklæði
- Leður/Alcantara Sportsæti
- Svört þakklæðning
- Dökkar rúður
- MMI Plus Leiðsögukerfi
- MMI Touch snertiflötur
- Stafrænt mælaborð
- Audi Connect pakki
- Stærri aðalskjár 8,3“
- Matrix LED aðalljós
- LED afturljós
- Dynamic stefnuljós
- Bílhitari með fjarstýringu
- Dráttarbeisli innfellanlegt
- Þriggja svæða miðstöð
- Audi Sound System
- Audi Smartphone interface
- Pre Sense árekstrarvörn
- Rafmagnsopnun á skotthlera
- Skynjarar að framan og aftan
- Fjarlægðatengdur hraðastillir
- LED inniljósapakki
- Multi-color stemningslýsing
- Myndavél sem les umferðaskilti
- Bakkmyndavél

~~Listaverð 10.610.000 kr.~~

**Tilboðsverð 8.990.000 kr.**




5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Það er að finna á www.hekla.is/abyrgd

HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

5 ára ábyrgð

# Misráðin höft



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Göfug markmið eiga það til að snúast upp í andhverfu sína. Þegar innflæðishöftin voru kynnt til leiks í maí 2016, þar sem erlendum aðilum var gert að binda 40 prósent af fjárfestingu sinni í skráðum skuldabréfum í eitt ár á núll prósent vöxtum, var tilgangurinn einkum sá að sporna gegn hinum alræmdu vaxtamunarviðskiptum. Flestir, minnugir þess hvað gerðist í aðdraganda fjármálahrunsins 2008, sýna því skilning og stuðning að Seðlabankinn hafi í vopnabúri sínu stjórntæki til að aftra því að gríðarlegt innflæði skammtímafjármagns geti kynt undir ójafnvægi í þjóðarbúskapnum og fjármálaóstöðugleika.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur hins vegar bent á hið augljósa. Beiting innflæðishaftanna átti alltaf að vera neyðarúrræði, en slíkar aðstæður eru ekki fyrir hendi um þessar mundir, og þá hafa vextir Seðlabankans farið lækkandi síðustu misseri á meðan vextir erlendis hafa farið hækkandi. Vaxtamunur Íslands við útlönd fer því minnkandi, samhliða því að hagvöxtur hérlendis er að færast nær meðaltali annarra OECD-ríkja, og tæpast nein rök fyrir því að viðhalda höftunum í óbreyttri mynd. Seðlabankinn er þessu ósammála og hefur af einhverjum ástæðum ekki enn séð neina ástæðu til að breyta útfærslu þeirra til hagsbóta fyrir íslenskt efnahagslíf. Sú óskiljanlega tregða hefur keyrt upp vaxtakostnað fyrirtækja og heimila.

Hafi Seðlabankinn ætlað sér að skrúfa nánast alfarið fyrir fjárfestingu erlendra aðila í ríkisskuldabréfum þá hefur bankanum tekist það. Auðvitað var það samt aldrei ætlunin. Slík fjárfesting hlýtur að jafnaði að vera til marks um traustleikamerki á undirstöðum og efnahagshorfum landsins en hlutfall erlendra fjárfesta á íslenskum ríkisskuldabréfamarkaði er með því lægsta sem þekkist í vestrænum samanburði. Á sama tíma og erlendum skuldabréfafjárfestum er haldið frá landinu hefur innflæði fjármagns í skráð hlutabréf, sem lýtur ekki neinum hömlum, stóraukist. Sú þróun er nýmæli á íslenskum hlutabréfamarkaði og gefur til kynna að þeir myndu gjarnan einnig vilja kaupa skuldabréf fyrirtækja hér á landi ef ekki væri fyrir höftin. Þessi skekkja sem innflæðishöftin valda hefur skilað sér í því að þurrka upp fjármagn á fyrirtækjaskuldabréfamarkaði þar sem lífeyrissjóðirnir sitja í raun uppi sem einu leikendurnir. Þeir horfa hins vegar einkum út fyrir landsteinana í fjárfestingum sínum og niðurstaðan er því fyrirsjáanleg – fjármagn til fyrirtækja er af skornum skammti og vaxtaálög hafa hækkað til muna.

Seðlabankinn ætti að rýmka strax um höftin þannig að gerður yrði greinarmunur á raunverulegum vaxtamunarviðskiptum og langtímafjárfestingum í íslensku atvinnulífi. Að öðrum kosti munu fyrirtæki og heimili enn um sinn þurfa að búa við lakari vaxtakjör en ella enda hafa höftin valdið því að vaxtalækkanir Seðlabankans hafa ekki skilað sér að fullu til raunhagkerfisins. Íslendingar fá með öðrum orðum ekki að njóta þeirra hagfelldu skilyrða sem hafa skapast – lág verðbólga, mikill viðskiptaafgangur, jákvæð eignastaða við útlönd og hátt sparnaðarstig – og ætti að skila sér í enn lægra raunvaxtastigi en raun ber vitni. Innflæðishöftin, sem eru í reynd skattur á heimili og fyrirtæki, hafa kippt þeirri þróun úr sambandi. Í hvaða tilgangi? Það virðist enginn vita lengur. Ávinningur haftanna er öllum óljós nema kannski þeim sem stýra málum í Svörtuloftum.

**Ávinningur haftanna er öllum óljós nema kannski þeim sem stýra málum í Svörtuloftum.**





Halldór

Varmadælur & loftkæling

Kælitækni



- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

## Frá degi til dags

**Ríkisútgáfa söngbóka**

**Alþingi samþykkti í gær ályktun um að skora á ríkisstjórnina að kanna áhuga ríkisstjórna Grænlands og Færeyja á samvinnu um útgáfu vestnorrænnar söngbókar með nótum. Tillagan var samþykkt með 43 samhljóða atkvæðum viðstaddra þingmanna. Tillagan var lögð fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins en tillögur ráðsins koma til afgreiðslu á þingum ríkjanna. Flestir þingmenn áttuðu sig nú ekki á því hví þörf væri á að ríkið kæmi að þessu máli en tillagan var samþykkt engu að síður. „Ég styð þess vegna þá tillögu en árétta að í þeim stuðningi felst ekki stuðningur við að hér verði stofnuð einhvers konar ríkisútgáfa söngbóka,“ sagði Birgir Ármannsson Sjálfstæðismaður við þetta tilefni og uppskar hlátur í þingsal.**

**Gjáin**

**Fyrir skemmstu leiddi skoðanakönnun Maskínu það í ljós að rúm 92 prósent kjósenda Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vantreysta dómsmálaráðherra. Í vikunni kom síðan í ljós að 82 prósent þingflokksins treysta ráðherranum til að gegna embættinu. Fyrir tæpum áratug var talað um gjá milli þings og þjóðar. Nú er rétt að tala um gjá milli fulltrúa og kjósenda.**

**joli@frettabladid.is**

# Enn um Kristmann og Thor



Óttar Guðmundsson
læknir

Guðmundur Andri Thorsson, þingmaður og fyrrverandi yfirlesari Forlagsins, skrifaði fallega lofgrein um föður sinn í Fréttablaðið þ. 7. marz sl. Tilefnið voru bakþankar mínir um viðureign Kristmanns Guðmundssonar við hinn vinstrisinnaða listaheim á sjöunda áratug liðinnar aldar. Mér þykir vænt um að hafa aðstoðað Guðmund Andra við að halda nafni föður síns á lofti og er reyndar sammála flestu sem þingmaðurinn segir. Thor Vilhjálmsson var gáfaður maður og ágætur rithöfundur. Guðmundur Andri misskilur reyndar margt og rangtúlkar annað en það gerir ekkert til.

Mér finnst full ástæða til að rifja upp grein Thors sem var tilefni málaferlanna. Þar stendur m.a.: *„Það er óafmáanleg svívirðing frá hendi stjórnmálamanna í garð íslenzkrar menningar að láta mann einsog Kristmann Guðmundsson hafa hæstu listamannalaun. Það jafngildir því að hrækja í andlitið, á hverjum einasta raunverulegum listamanni þessa lands og spræna yfir alla þjóðina.“*

Þetta er dapurlegur texti þar sem lítið fer fyrir einhverri orðkyngi. Framhaldið er í sama stíl þar sem hann ræðst gegn Bjarna Benediktssyni sem hann kallar „lítinn voldugan mann“ og segir Kristmann vera „rógsendil“ hans. Það er erfitt að túlka slíka grein sem nokkuð annað en pólitískan skæting eða skítkast. Hún kastar þó engri rýrð á önnur verk Thors eða manninn sjálfan. Ég er enn þeirrar skoðunar að tími hafi verið kominn til að gera málinu hlutlæg skil og fagna bók Sigurjóns Magnússonar, *Borgir og eyðimerkur,* um efnið. Þó Thor finni Kristmanni allt til foráttu hafði hann þó ákveðna kosti eins og kemur fram í frægri vísu eftir Jóhannes úr Kötlum:

*Lít ég einn sem list kann*
*löngum hafa þær kysst hann*
*Kristmann.*

Kristmann svaraði reyndar að bragði:

*Einkum þó vér ötlum*
*að þær fari úr pjötlum*
*í Kötlum.*

**Guðmundur Andri misskilur reyndar margt og rangtúlkar annað en það gerir ekkert til.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ekki benda á mig

**Í DAG**

Þórlindur Kjartansson

Spennustig þjóðarinnar var hátt á laugardagskvöldið þegar úrslit í undankeppni Eurovision fóru fram í Laugardalshöll. Sýningin var öll hin glæsilegasta, fagmennska í hverju handtaki hjá flytjendum, kynnum og auðvitað öllu tækniliðinu á bak við tjöldin sem gerði hina snurðulausu útsendingu mögulega. Það er ekki sjálfgefið að svona sýning gangi upp.

Tæknimenn Sjónvarpsins hafa því örugglega verið fegnir þegar útsendingu lauk. Á bak við svona sýningu er margra vikna skipulag, undirbúningur og vinna. Það þarf að hugsa fyrir hverju einasta smáatriði og jafnvel minnsta yfirsjón getur sett allt í uppnám. Það má nefnilega bóka að á bak við hverja einustu vandræðalegu afsökun hjá prúðbúnum kynnum í beinni útsendingu um að „tæknin sé nú eitthvað að stríða okkur“ sé tæknimaður að svitna gegnum stuttermabolinn.

Þótt mannslíf séu ekki í húfi þá felst nefnilega umtalsverð ábyrgð í því að tryggja að allt gangi upp bak við tjöldin á stórum viðburðum. Ef hlutirnir fara úr skorðum er ekki bara verið að bregðast samstarfsfólki heldur öllum þeim sem hafa ákveðið að verja sínum dýrmæta tíma til þess að fylgjast með skemmtuninni.

En sem betur fer voru engir sýnilegir hnökrar á útsendingunni á laugardagskvöldið. Tæknifólkið hefur því getað losað um frumsýningarspennuna að lokinni útsendingu með því að óska hvert öðru til hamingju og skála svo í dósabjór. Þannig týpur ætlast ekki til þess að vera hampað þótt allt gangi að óskum.

**Ekkert klúður**

Sjokkið kom daginn eftir. Fréttir fóru að berast um að hugsanlega hafi verið misbrestur á rafrænni talningu atkvæða í símakosningunni. Hjartað hefur þá farið að hamast í þeim sem báru ábyrgð á rafrænu kjörkössunum. Gat verið að svipað klúður hafi átt sér stað eins og á Óskarsverðlaunahátíðinni í fyrra? Þá var La La Land tilkynnt sem besta myndin en aðstandendurnir þurftu svo að skila styttunni eftir hjartnæmar þakkarræður því fulltrúi PWC hafði ekki sett rétt umslag í hendurnar á kynnunum, það var kvikmyndin Moonlight sem raunverulega vann. Og þessi mistök eru það eina sem nokkur man af þessari hátíð.

Það hefði verið fremur hallærislegt ef öll tilfinningaríku fagnaðarópin og einlægu viðtölin eftir að tilkynnt var um sigur Ara hefðu bara verið byggð á einhverjum misskilningi. Og það sem verra er—öll hin frábæra vinna við undirbúning og framkvæmd kvöldsins hefði fallið algjörlega í skuggann af mistökunum.

Þjóðin beið því spennt á meðan málið var rannsakað. Eftir rúman sólarhring tilkynnti Vodafone með stolti að ekkert óeðlilegt hefði átt sér stað í atkvæðagreiðslunni og að öll atkvæði hefðu skilað sér. Öll þjóðin gat varpað öndinni léttar, og sérstaklega aðstandendur keppninnar og þeir sem báru ábyrgð á atkvæðagreiðslunni.

**Ekki smámál**

En það er auðvitað víðar en í Eurovision sem fólk leggur hart að sér til þess að skipuleggja viðburði þar sem ekkert má út af bregða. Þeir sem leggja stund á spretthlaup eyða mörgum árum í að æfa sig fyrir keppni sem tekur tíu sekúndur, leikarar æfa sig í margar vikur fyrir frumsýningar og nemendur í skólum landsins undirbúa sig nótt sem nýtan dag fyrir mikilvæg próf. Í öllum þessum tilvikum þurfa alls konar aðilar „á bak við tjöldin“ að taka hlutverk sitt mjög alvarlega til þess að allt gangi upp.

Það er þess vegna ekkert smámál að stærstur hluti 9. bekkinga hafi orðið fyrir því í vikunni, eftir margra vikna undirbúning og stress, að tölvukerfið í kringum samræmt próf í íslensku klikkaði þegar á hólminn var komið.

**Aðili brást**

Menntamálastofnun, sem ber ábyrgð á framkvæmd prófsins, var fljót að benda á sökudólginn. Það var hinn sívinsæli blóraböggull „þjónustuaðili“ sem klikkaði.

Svo virðist sem „þjónustuaðila“ hafi láðst að stilla netkerfið þannig að það þyldi fullkomlega fyrirsjáanlegt álag þennan daginn.

Þegar hlutir fara úrskeiðis þá virðist það merkilega oft vera þessum „þjónustuaðila“ að kenna því oftast ríkir ágæt sátt milli stofnunar sem ber ábyrgð og „þjónustuaðila“ um að „þjónustuaðili“ taki á sig skammirnar svo lengi sem aldrei er sagt frá því hver hann er—því þá gæti komið í ljós að mistökin eigi sér flóknari rætur.

Það er ekki nema þegar hlutirnir ganga sérstaklega vel að grímunni er svipt af „þjónustuaðila“ og honum hampað. Annars er hann dálítið eins og grímuklædd ofurhetja með öfugum formerkjum—mætir ekki á svæðið til að bjarga málum en birtist alltaf til þess að taka á sig skammirnar þegar hlutir klúðrast og enginn vill taka ábyrgðina.





Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum í heimsókn á skrifstofu sjóðsins á 5. hæð í Borgartúni 25, **laugardaginn 10. mars**.

Við verðum með heitt á könnunni allan daginn og bjóðum upp nokkur örnámskeið, tónlist og skemmtun. Starfsfólk og ráðgjafar verða á staðnum til að upplýsa og veita góð ráð.

**Skipulögð dagskrá**

kl. 11:00 Stutt í lífeyri
Hvernig á að undirbúa töku lífeyris?
*Þórhildur Stefánsdóttir, ráðgjafi hjá Almenna.*

11:30 Skyndihjálparnámskeið
*Helgi Finnbogason hjá Rauða krossinum.*

12:30 Að taka fasteignalán
Hvað þarf að skoða og undirbúa?
*Eva Ósk Eggertsdóttir og Ásgerður Hrönn Hafstein, ráðgjafar hjá Almenna.*

13:00 Hönnun íbúða
Markmið og áherslur skapandi ferlis.
*Jóhannes Þórðarson, arkitekt, Gláma/Kím arkitektar.*

13:30 Tónlistaratriði
*Guðrún Árný Karlsdóttir, söngkona.*

14:00 Passaðu þína verðmætustu eign
Hversu verðmæt eru lífeyrisréttindi?
Hvernig er best að líta eftir þeim?
*Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna.*

14:30 Góð heilsa, gulli betri
Læknir gefur góð heilsuráð.
*Erla Gerður Sveinsdóttir, læknir.*

**Í gangi allan daginn**

- Upplýsingar og ráðgjöf
  Ávöxtunarleiðir. Sjóðstjórar veita upplýsingar
  Leiðbeiningar á sjóðfélagavef / launagreiðendavef
  Lán til sjóðfélaga. Ráðgjafar veita upplýsingar
  Þjónusta við sjóðfélaga
- Heitt á könnunni og meðlæti
- Spurningaleikur, verðlaun í boði
- Barnahorn

Við vonumst til að sjá sem flesta og hvetjum sjóðfélaga til að nýta tækifærið til að koma í heimsókn. Það eru margir sem segjast alltaf vera á leiðinni. Nú er tækifærið.

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

**Staður:**
Borgartún 25, 5. hæð

**Stund:**
10. mars Kl. 11:00 til 15:00

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Nýjast

**Dominos-deild karla**

**Haukar - Valur 83-70**
**Stigahæstir:** Paul Jones III 21, Haukur Óskarsson 20, Finnur Atli Magnússon 12 - Urald King 24, Austin Magnus Bracey 23.

**Keflavík - ÍR 69-74**
**Stigahæstir:** Christian Jones 20, Hörður A. Vilhjálmsson 16 - Ryan Taylor 22, Danero Thomas 16, Matthías Orri Sigurðarson 11.

**Grindavík - Þór Ak. 104-89**
**Stigahæstir:** Dagur Kár Jónsson 26, J'Nathan Bullock 17, Ingvi Þór Guðmunds. 15 - Marques Oliver 22, Ingvi Rafn Ingvars. 21.

**Tindastóll - Stjarnan 87-67**
**Stigahæstir:** Pétur Rúnar Birgisson 13, Hannes Ingi Másson 13 - Tómas Þórður Hilmarsson 22, Róbert Sigurðarson 16.

**Þór Þ. - KR 89-98**
**Stigahæstir:** Halldór Garðar Hermannsson 42, Chaz Williams 23 - Kristófer Acox 27, Björn Kristjánsson 18, Darri Hilmarsson 15.

**Höttur - Njarðvík 74-83**
**Stigahæstir:** Andrée Michelsson 15, Mirko S. Vrijevic 15 - Vilhjálmur Theodór Jónsson 23, Terrel Vinson 13, Kristinn Pálsson 13.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 34 | Stjarnan | 22 |
| ÍR | 32 | Keflavík | 20 |
| Tindastóll | 32 | Þór Þ. | 18 |
| KR | 30 | Valur | 14 |
| Njarðvík | 26 | Þór Ak. | 6 |
| Grindavík | 26 | Höttur | 4 |

## Haukar deildarmeistarar



**Langri bið eftir titli lokið** Haukar tryggðu sér fyrsta deildarmeistaratitilinn í sögu félagsins með öruggum sigri á Val, 83-70, í lokaumferð Domino's deildarinnar í gærkvöldi. Þetta er jafnframt fyrsti titilinn sem Hafnarfjarðarliðið vinnur síðan 1996. Haukar enduðu með 34 stig í deildinni og voru tveimur stigum á undan ÍR og Tindastóli. Haukar mæta Keflavík í 1. umferð úrslitakeppninnar sem hefst 15. mars næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Haukar loks í úrslitaleikinn

**Eftir að hafa fallið úr leik í undanúrslitum fjögur ár í röð eru Haukar komnir í bikarúrslit eftir sigur á KA/Þór. Í úrslitaleiknum á morgun mæta Haukar Fram.**

**HANDBOLTI** Það verða Fram og Haukar sem leika til úrslita í Coca Cola-bikar kvenna í handbolta. Fram vann ÍBV í undanúrslitunum í gær á meðan Haukar báru sigurorð af KA/Þór.

Fram hafði undirtökin í leiknum gegn ÍBV nær allan tímann. Framkonur leiddu með sex mörkum, 11-17, í hálfleik og unnu að lokum þriggja marka sigur, 26-29. Fram hefur 14 sinnum orðið bikarmeistari, oftast allra liða, og getur bætt fimmtánda bikartitlinum í safnið á morgun.

Guðrún Ósk Maríasdóttir átti afar góðan leik í marki Fram og varði 18 skot, eða 42% þeirra skota sem hún fékk á sig. Á meðan var markvarslan hjá ÍBV lítil.

Sigurbjörg Jóhannsdóttir var markahæst í liði Fram með sjö mörk. Þórey Rósa Stefánsdóttir og Ragnheiður Júlíusdóttir skoruðu sex mörk. Sandra Erlingsdóttir skoraði átta mörk fyrir ÍBV.

### Í bikarúrslit í fyrsta sinn í 11 ár

Haukar höfðu ekki komist í bikarúrslit síðan 2007 og tapað í undanúrslitum fjögur ár í röð. Það breyttist í gær þegar Haukar unnu tveggja marka sigur á KA/Þór, 23-21, í hörkuleik.

Haukar leiddu í hálfleik, 13-8, eftir að hafa skorað síðustu fimm mörk fyrri hálfleiks. KA/Þór, sem situr á toppi 1. deildar, var þó ekki tilbúið að gefast upp og með mikilli baráttu minnkuðu Norðanstúlkur muninn í eitt mark, 20-19, þegar sjö mínútur voru eftir. Þá stigu Haukar aftur á bensíngjöfina og gerðu nóg til að landa sigri, 23-21.

Berta Rut Harðardóttir bar af í liði Hauka og skoraði níu mörk. Martha Hermannsdóttir skoraði sex mörk fyrir KA/Þór. ingvithor@frettabladid.is

### Undanúrslit kvenna

**Haukar 23-21 KA/Þór**
(11-8)

**Haukar:** Berta Rut Harðardóttir 9/4, Ragnheiður Sveinsdóttir 3, Maria Pereira 3, Erla Eiríksdóttir 3, Guðrún Erla Bjarnadóttir 2, Sigrún Jóhannsdóttir 2, Þórhildur Braga Þórðardóttir 1.
**KA/Þór:** Martha Hermannsdóttir 6/6, Hulda Bryndís Tryggvadóttir 4, Ásdís Guðmundsdóttir 3, Kara Rún Árnadóttir 3, Katrín Vilhjálmsdóttir 2, Ásdís Sigurðardóttir 2, Aldís Ásta Heimisdóttir 1.

### Undanúrslit kvenna

**ÍBV 26-29 Fram**
(11-17)

**ÍBV:** Sandra Erlingsdóttir 8/6, Ester Óskarsdóttir 6, Greta Kavaliuskaite 5, Karólína Bæhrenz Lárudóttir 4, Asuncion Batista Portero 3.
**Fram:** Sigurbjörg Jóhannsdóttir 7/2, Þórey Rósa Stefánsdóttir 6, Ragnheiður Júlíusdóttir 6, Hildur Þorgeirsdóttir 4, Elísabet Gunnarsdóttir 4, Steinunn Björnsdóttir 1, Karen Knútsdóttir 1.



# Svona úrslitaleikir henta ÍBV og Fram

**Undanúrslit Coca-Cola-bikarsins í handbolta karla fara fram í kvöld. Fréttablaðið fékk Kára Garðarsson, þjálfara Gróttu, til að spá í spilin. Fyrir fram telur hann Hauka og Selfoss líklegri til að komast áfram en Eyjamenn og Framarar kunni vel við að spila stórleiki.**

**HANDBOLTI** Undanúrslit Coca-Cola-bikarsins í karlaflokki fara fram í Laugardalshöll í kvöld með leikjum Hauka og ÍBV annars vegar og Selfoss og Fram hins vegar. Bikarhefðin er rík hjá Haukum og ÍBV en í hinu einvíginu hefur Fram ekki unnið í átján ár og Selfoss aldrei unnið bikarinn.



Enginn þorði að snerta bikarinn fyrir keppni nema Jón Þorbjörn Jóhannsson hjá Haukum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Áberandi sterkari lið

Fréttablaðið fékk Kára Garðarsson, þjálfara Gróttu, til að spá í spilin fyrir leiki kvöldsins. Hann á von á því að sigurvegari helgarinnar komi úr einvígi ÍBV og Hauka.

„Rétt eins og kvennamegin finnst mér annað einvígið áberandi sterkara og fyrir fram myndi maður telja að sigurvegari þessa leiks sé ansi líklegur til að klára helgina með titli," sagði Kári sem hefur hrifist af Haukum eftir áramót.

„Haukar eru búnir að endurheimta sína menn og líta mjög vel út. Að mínu mati eru þeir að spila liða best eftir áramót," sagði Kári sem sagði stemminguna lykilatriði fyrir ÍBV.

„ÍBV er óútreiknanlegra lið fyrir leik á meðan Haukarnir eru stöðugri og bikarkeppnir henta Eyjamönnum mjög vel. Þeir fá oft flottan stuðning í svona leikjum og ná góðri stemningu í leikmannahópinn."

Í leiknum mætast landsliðsmarkverðirnir Aron Rafn Eðvarðsson, ÍBV, og Björgvin Páll Gústavsson, Haukum. Kári sagði það geta skipt sköpum fyrir úrslit leiksins ef annar hvor þeirra hrykki í gír og næði að loka markinu. „Þetta er einvígi þeirra, markvarslan og varnarleikur á eftir að vera það sem vinnur leikinn fyrir sigurliðið."

### Þessir leikir henta Fram

Í seinni leiknum mætast Fram og Selfoss en nýliðar Selfoss unnu báða leiki liðanna í Olís-deildinni og eru að berjast við topp deildarinnar. Framarar eru fastir í neðri hluta deildarinnar, fara hvorki neðar né ofar.

„Sagan hjá Fram segir manni að félagið þekki þetta betur og þeir eru með lið sem þrífst á svona stórleikjum. Þeir vinna stóru leikina oft, slógu út Aftureldingu og FH í bikarnum í ár. Þeir eiga alltaf frábæra leiki inn á milli og það gæti hjálpað þeim að horfa á þetta sem úrslitaleik og að pressan sé á Selfossi," en Kári á von á einhverju óvæntu frá Fram.

„Guðmundur, þjálfari Fram, er tilbúinn að taka áhættu og taka menn úr umferð og hann á örugglega eftir að láta reyna á Patrek og Selfyssinga á morgun. Svo getur Viktor Gísli í markinu hjá Fram tekið yfir leiki og lokað markinu."

### Pressa á Selfyssingum

Þrátt fyrir að vera nýliði í deildinni er meiri pressa á Selfyssingum að komast í bikarúrslitin.

„Öll pressan er á þeim, það er ætlast til að þeir nái árangri og þeir hafa verið að spila frábæran handbolta. Patrekur er að gera frábæra hluti með liðið þó að þeir hafi eiginlega verið heppnir að komast áfram gegn Þrótti í síðustu umferð bikarsins," sagði Kári og bætti við: „Þeir ná upp góðri stemmingu í liðinu og í stúkunni og það smitar inn á völlinn. Ef þú tekur liðin tvö og berð saman, mann fyrir mann, þá er Selfoss með betra liðið að mínu mati." Taldi hann lykilatriði fyrir Fram að loka á skyttur Selfyssinga. „Selfyssingar sakna auðvitað Hauks í leiknum en lykillinn fyrir Fram að sigri er að loka á þessar frábæru skyttur sem Selfoss er með," sagði Kári. Leikirnir hefjast klukkan 17.15 og 19.30 og fara fram í Laugardalshöll. kristinnpall@frettabladid.is


NISSAN
Innovation that excites
NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



NISSAN JUKE ACENTA
SJÁLFSKIPTUR / 117 HESTÖFL / EYÐSLA 6,0 L/100 KM*
3.350.000 KR.
TÖFFARINN Í FJÖLSKYLDUNNI
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
Búnaður bíls á mynd er frábrugðinn auglýstu verði.
ENNEMM / SÍA / NM87111

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516
BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is
B|L

# NÝTT Í HAGKAUP




## AMIN.O. Energy

Kolsýrt, BCAA, AMIN.O. Energy í dós!
Fruit Fusion, Lemon Lime og Tropical

**Tilboð 649 kr/3 stk**

**279 kr/stk**

Tilboð gilda út 11. mars

**20% afsláttur**




### Grandiosa pizzur

Hakk & laukur, pepperóní og skinka & paprika

**verð frá 543 kr/pk**

verð áður 679 kr/pk




### Aunt Bessie's

Sætar kartöflur, ekta amerískt

**98 kr/pk**

**30% afsláttur**



### Atlanta Cheesecake

Hágæða ostakökur beint frá USA

**1.399 kr/pk**

verð áður 1.999 kr/pk




### Lärabar

The original fruit & nut food bar

**verð frá 229 kr/stk**




### Angie's sælkerapopp

Cinnamon Roll, Buttery Caramel, Milk Chocolate Peanut Butter og Dark Chocolate

**699 kr/stk**




### Justin's

Peanut Butter Cup's

**399 kr/stk**

# *Meira* danskt



35% afsláttur

## Grísabógur

**649** kr/kg

verð áður **999** kr/kg




**Danskt álegg**

Til forkosten

verð frá **529** kr/stk




**Hot dog pølser**

Kendte danske pølser

**1.299** kr/pk




**Jensens BBQ rif**

Tilbúin beint í ofninn eða á grillið. 550 g

**1.599** kr/pk

HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*



Okkar ástkæri
**Hjörleifur Bergsteinsson**
andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir, Hlíðarhúsum 7, Rvk, þriðjudaginn 20. febrúar. Útför hans fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Aðstandendur vilja sérstaklega þakka starfsfólki á Eir fyrir frábæra umönnun.

**Aðalheiður Bergsteinsdóttir**
**Guðný Bergsteinsdóttir**
**Ísleifur Marz Bergsteinsson**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
**Sigríður Margrét Eiríksdóttir**
**Didda,**
Lindasíðu 4, Akureyri,
lést á dvalarheimilinu Hlíð sunnudaginn 4. mars. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Skúli Sigurgeirsson**
**Margrét Skúladóttir** **Sigurður Bjarklind**
**Svanhildur Skúladóttir** **Einar Ólafsson**
**Ragnheiður Skúladóttir** **Árni V. Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,
**Jóhannesar Sigmundssonar**
Syðra-Langholti 3, Hrunamannahreppi.

**Hrafnhildur Svava Jónsdóttir**
**Hilmar Jóhannesson** **Fanney Þórmundsdóttir**
**Sigmundur Jóhannesson** **Kristín Jónsdóttir**
**Sigurbjörg Jóhannesdóttir** **Ólafur Ó. Stephensen**
**Snorri Freyr Jóhannesson** **Vigdis Furuseth**
**Gunnar Þór Jóhannesson** **Arndís Eiðsdóttir**
**Anna Lára Jóhannesdóttir** **Sigurjón Kristinsson**
**Ásdís Erla Jóhannesdóttir** **Yngvi Ragnar Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,
**Erik Ásbjörn Carlsen**
Laufási 1, Garðabæ,
lést á Landspítalanum 10. febrúar sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum innilega sýndan hlýhug.

**Lilja Hjartardóttir**
**Sif Carlsen** **Jón Gauti Árnason**
**Gunnar Carlsen** **Þórunn Sveinsdóttir**
**Eiríkur Eiríksson** **Gwen Aps**
**Rögnvaldur Ingi Eiríksson** **Jónína Jónsdóttir**
**Berglind Carlsen**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,
**Jóhanna Bærings Halldórsdóttir**
(Nana)
sjúkraliði
frá Patreksfirði, Vesturbergi 70,
lést 27. febrúar á líknardeild LHS í Kópavogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til starfsfólks Landspítalans, Heimahjúkrunar og Heimahlynningar fyrir sérlega góða og nærgætna umönnun.

**Erla Unnur Sigurðardóttir** **Guðmundur U.D. Hjálmarsson**
**Anna Jóhanna Sigurðardóttir**
**Nana Daðey Haraldsdóttir**
**Uni Dalmann Guðmundsson**
**Sólrún Silfá Guðmundsdóttir**
**Daði Bærings Halldórsson**
**Brynja Bærings Halldórsdóttir**

---

# Hönnun snertir okkur öll

**Nú eru liðin tíu ár síðan DesignTalks fyrirlestradagurinn var haldinn fyrst. DesignTalks markar upphafið á HönnunarMars sem hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem einn mikilvægasti viðburður sinnar tegundar á Íslandi. Dagurinn verður frekar stór í sniðum í ár.**

Næsta fimmtudag verður DesignTalks fyrirlestradagurinn haldinn í Hörpu með pompi og prakt en sá dagur markar upphaf HönnunarMars. Í ár verður sérstaklega mikið lagt upp úr DesignTalks enda er þetta í tíunda sinn sem þessi fyrirlestradagur er haldinn.

Hönnuðurinn Hlín Helga Guðlaugsdóttir er dagskrárstjóri DesignTalks. Hún er að vonum mjög spennt fyrir deginum. „Í ár ætlum við að fagna sérstaklega möguleikum hönnunar til að hafa áhrif á samfélagið ásamt því að vekja athygli á mikilvægi samstarfs og samtals ólíkra skapandi greina,“ segir Hlín.

Í tilefni þess að HönnunarMars er 10 ára eru talsvert fleiri fyrirlesarar sem halda erindi á DesignTalks í ár heldur en fyrri ár. „Við verðum með töluvert fleiri erlenda gesti. Þetta eru 13 erlendir fyrirlesarar til viðbótar við hóp Íslendinga.“

Þegar Hlín er spurð út í hvort það sé eitthvað sem hún sé sérstaklega spennt að sjá á DesignTalks þá á hún erfitt með að svara. „Það er náttúrlega alltaf erfitt að gera upp á milli. Ég hlakka persónulega bara mest til að heyra samspilið á milli ólíkra radda og hugmynda. Og að fá innblástur úr ólíkum áttum.

Annars er ég líka mjög spennt fyrir að heyra hvað Marjan Van Aubel hefur að segja, hún er hollenskur sólarorkuhönnuður. Og svo er ég mjög spennt að heyra um framtíðarpælingar í kringum Future Living Lab frá Space10-teyminu. Þar eru rosa áhugaverðar pælingar um hvernig hlutverk hönnunar breytist í takt við breyttan lífsstíl fólks. Og hvernig er hægt að vinna þvert á greinar til að móta framtíðina.“



**Hlín Helga, dagskrárstjóri DesignTalks, og Paul Bennett, yfirhönnunarstjóri IDEO, í bakgrunni á DesignTalks í fyrra.** MYND/SEBASTIAN ZIEGLER

„Svo er gaman að segja frá því að Paul Bennett, hönnunarstjóri IDEO, kemur aftur í ár. Hann hélt fyrirlestur í fyrra og var rosalega vinsæll og vakti gífurlega athygli. Þannig að við stóðumst ekki freistinguna og buðum honum að koma aftur.“

Hlín tekur fram að dagskráin á DesignTalks sé afar fjölbreytt og eigi við alla. „Þetta er ekki bara samtal á milli hönnuða fyrir hönnuði heldur á þetta erindi við alla. Þegar upp er staðið er allt okkar umhverfi hannað á einn eða annan hátt og hönnun snertir okkur öll.“

gudnyhronn@frettabladid.is

---



Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,
**Helgi Guðbrandur Vilhjálmsson**
andaðist á Grund aðfaranótt 4. mars sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Friðrik Ágúst Helgason** **Margrét Guðmundsdóttir**
**og aðrir vandamenn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Ævar Jóhannesson**
tækjafræðingur,
lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð laugardaginn 3. mars síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 14. mars kl. 13

**Jóhannes Örn Ævarsson** **Sif Garðarsdóttir**
**Sigríður Ævarsdóttir** **Benedikt Líndal**
**Þórarinn H. Ævarsson** **Barbara Ómarsdóttir**
**Ólöf Ævarsdóttir** **Björn Bögeskov Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Ástkær systir okkar,
**Ingibjörg Sverrisdóttir**
sjúkraliði
frá Höfn í Hornafirði,
lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 5. mars sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 13. mars kl. 11.00.

**Ólöf Sverrisdóttir**
**Sveinbjörn Sverrisson**
**Svava Sverrisdóttir**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Guðlaug Sæmundsdóttir**
frá Heylæk, áður til heimilis á Hellu og nú síðast í Hvassaleiti 6, Reykjavík,
lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 5. mars.

**Guðlaug Yngvadóttir** **Steinar Gíslason**
**Þorbjörg Yngvadóttir** **Davíð Sigurðsson**
**Elín Yngvadóttir** **Guðrún S. Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
**Vilborgar Jóhannesdóttur**
áður til heimilis að hjúkrunarheimilinu Skjóli.
Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Skjóls við Kleppsveg fyrir góða umönnun.

**Steingrímur Benediktsson** **Jóhanna Magnúsdóttir**
**Helga Benediktsdóttir** **Henning Petersen**
**Margrét Benediktsdóttir** **Guðni Finnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 9. MARS 2018

# Draumar rætast með jákvæðni og dugnaði



Ari Ólafsson, sigurvegari Söngvakeppni Sjónvarpsins, er margreyndur listamaður þrátt fyrir ungan aldur. Keppnin kenndi honum að jákvæðni og dugnaður borgi sig alltaf og hann er spenntur fyrir því að fá að vera fulltrúi Íslands í Portúgal í maí. →2

Ari Ólafsson er spenntur fyrir að vera fulltrúi Íslands og þakklátur fyrir heiðurinn. MYND/VILHELM



**Berglind Rós Ragnarsdóttir, sjúkraliði og hjúkrunarnemi, fór til Eistlands í magahjáveituaðgerð. Hún er ánægð með þá ákvörðun og hefur misst 33 kíló frá því í september.** →4





LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪



Tónlist og leiklist eru aðalviðfangsefni Ara, en hann skrifar líka myndasögur með bróður sínum og spilar fótbolta með KR. MYND/VILHELM

Ari Ólafsson, sigurvegari Söngvakeppni Sjónvarpsins í ár, vissi alltaf að hann langaði að verða söngvari og hefur ætlað sér að vinna Söngvakeppnina síðan hann var barn. Hann segir að reynslan af keppninni hafi verið skemmtileg og lærdómsrík og er spenntur fyrir því að vera fulltrúi Íslands. Nú tekur við mikil vinna við að undirbúa þátttökuna í Eurovision í Portúgal í maí, en strax um helgina fær hann fyrstu reynsluna af því að vera fulltrúi lands og þjóðar á erlendum vettvangi, þegar hann flytur sigurlagið Our Choice í úrslitum söngvakeppninnar í Litháen.

Listin hefur lengi átt allan hug Ara. „Tónlist og leiklist hafa verið mín aðalviðfangsefni 24/7 síðan ég var 9 ára," segir hann. „Ég vissi í rauninni alltaf að ég ætlaði að verða söngvari. Þegar ég er ekki að syngja þá er ég að gera eitthvað annað sem tengist listinni, æfa mig á hljóðfæri eða í leiklist eða spuna, en ég var einmitt að klára fyrsta námskeiðið hjá Improv Ísland. Þar fyrir utan sem ég og skrifa myndasögur með litla bróður mínum og svo er ég mikill íþróttamaður og hef spilað fótbolta með KR í 12 ár og orðið Íslandsmeistari nokkrum sinnum."

## Reyndur miðað við aldur

Listaferill Ara byrjaði mjög snemma. „Ég byrjaði í leiksýningunni Óliver Twist þegar ég var 11 ára, þar sem ég lék Óliver, en þar áður hafði ég verið að leika í Borgarbörnum í um tvö ár og sungið allt mitt líf," segir hann. „Eftir það hélt boltinn áfram að rúlla. Ég byrjaði í námi í Söngskólanum í Reykjavík og þegar ég var 13 ára tók ég þátt í sýningunni Galdrakarlinn í Oz í Borgarleikhúsinu.

Svo datt ég svolítið mikið inn í klassíkina og var á fullu í Söngskólanum. Þá fékk ég meiri áhuga á að vera söngvari en leikari og tók þátt í Ísland Got Talent og The Voice," segir Ari. „Beint eftir Galdrakarlinn í Oz söng ég líka dúett á tónleikum með Sissel Kyrkjebø og svo söng ég aftur með henni fimm árum seinna."

Ara skortir því ekki reynslu, þótt hann sé ungur. „Ég hef verið svakalega heppinn að fá að vinna svona víða, sérstaklega svona ungur að aldri," segir hann.

## Fjölskyldan heldur eigin Eurovision

Ari á ekki langt að sækja áhugann á Eurovision. „Ég fæddist eiginlega inn í Euro-crazy fjölskyldu sko," segir Ari. „Við höfum þá hefð að fara upp í sumarbústað og halda litla Eurovision-keppni á milli okkar. Við erum þrjár fjölskyldur sem tökum þátt í þessu og við höfum gert þetta síðan ég var 6 ára. Við förum yfir helgina og horfum á keppnina, en áður en hún byrjar syngjum við öll lögin og það er stigagjöf og dómarar og þetta er mjög skemmtilegt.

Það er búið að vera grín í fjölskyldunni að ég myndi einhvern tímann vinna Söngvakeppnina og taka þátt í Eurovision og fá að vera andlit Íslands í lokakeppninni," segir Ari. „Eftir úrslitin á laugardaginn kom ég heim og þá voru þau öll að rifja það upp þegar ég var lítill og sagði að ég ætlaði einhvern tímann að vinna Söngvakeppnina."

## Upplifði einelti í grunnskóla

Þórunn Clausen, höfundur lagsins Our Choice, átti ekki erfitt með að fá Ara til að syngja fyrir sig.

„Mér leist strax ofboðslega vel á lagið og hafði mikla trú á því," segir Ari. „Sérstaklega enska textanum, skilaboðin í þeim texta snertu mig rosa mikið og ég tengdi mikið við hann, því ég fékk mína upplifun af einelti í grunnskóla. Ég var að syngja í söngleikjum og svona og það opnaði dyr fyrir einhverja stríðni hjá krökkum á þessum aldri. Svo ég var mjög spenntur fyrir því að fá að vera andlit þessa lags.

Það er hægt að túlka textann á marga vegu," segir Ari. „Ég held að grunnboðskapurinn í enska textanum sé að þú veist í raun aldrei hvað hin manneskjan er að fara í gegnum, það hafa allir sína djöfla að draga og við höfum öll það val að ákveða að koma vel fram og breiða út hamingju og samúð en ekki hatur og dóm og refsingu á aðra."

## Jákvæðni og dugnaður skilar sér

„Það var stórkostlegt að taka þátt í Söngvakeppninni," segir Ari. „Mér fannst þetta ofboðslega gaman og ég naut þess hvað það varð strax brjálað að gera. Ég nýt mín mikið í svona skipulagðri óreiðu. Ég fíla að vakna og vera á leiðinni á alls konar mismunandi staði til að gera fjölbreytta hluti.

Markmiðið mitt þegar ég fór inn í keppnina var í raun bara að sýna Íslandi hver ég er og kynna mig sem söngvara og listamann," segir Ari. „Markmiðið mitt í úrslitunum var svo að komast inn í einvígið og það gladdi mig mjög mikið að komast þangað. Svo þegar úrslitin voru kynnt áttaði ég mig bara á því að ef maður leggur hart að sér, heldur sér jákvæðum, heldur markmiðinu sínu jákvæðu og er einbeittur og duglegur skilar þetta allt sér aftur til manns. Ég gerði mér grein fyrir því að það geta eiginlega allir gert það sem þeir ætla sér."

## Fulltrúi Íslands strax um helgina

Um helgina flytur Ari Our Choice á lokakvöldi söngvakeppninnar í Litháen, sem verður einmitt haldin á þjóðhátíðardegi Litháens. Litháar vildu endilega fá íslenskan gest, þar sem Ísland var fyrsta ríkið til að viðurkenna sjálfstæði Litháens á sínum tíma og eru mjög hrifnir af laginu, svo þeir buðu Ara sérstaklega.

„Það var hringt í mig á mánudaginn og ég var spurður hvort ég væri ekki til í að koma bara til Litháens. Ég sagði „ha?" og fékk svarið „já, við erum að fara til Litháens á laugardaginn" og ég bara „ókei, þetta byrjaði rosa snemma"," segir Ari og hlær. „Þá gerði ég mér grein fyrir hvað þetta er svakaleg vinna sem er að byrja núna og fylltist mikilli tilhlökkun. Mér finnst rosa skemmtilegt að hafa verið boðið sérstaklega og met það mikils að Litháum lítist svona vel á lagið."

Ari er spenntur fyrir því að vera fulltrúi Íslands á erlendum vettvangi í fyrsta sinn. „Mér líst bara mjög vel á það. Það fylgir þessu rosalega mikil ábyrgð en þetta er bara svakalegur heiður og ég er mjög þakklátur," segir hann.

Á næstu vikum tekur við mikið kynningarstarf og Ari er á leiðinni til Ísraels og Hollands og jafnvel víðar til að syngja lagið og kynna sig fyrir Evrópubúum. „Svo er það bara að halda áfram að æfa sig og njóta þess sem gengur á," segir hann. „Ég er mjög spenntur fyrir næstu vikum. Ég hef mikla trú á laginu og liðinu sem ég er í og fólkinu sem fer með okkur út. Ég er bara ofboðslega spenntur að upplifa þetta og við ætlum að gera okkar besta úti í Portúgal."



Ari segir að hann hafi tengt mikið við texta lagsins Our Choice af því að hann lenti í einelti í skóla. MYND/ANDRI MARINÓ

**Aðalfundur Heyrnarhjálpar**
**félags heyrnarskertra á Íslandi**
**verður haldinn miðvikudaginn 21. mars 2018**
**í Safnaðarheimili Langholtskirkju kl. 20.00**

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar
Önnur mál

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og taka með sér gesti.

Rittúlkur á staðnum og boðið upp á kaffi og meðlæti

Allir velkomnir.

*Stjórnin.*

HEYRNARHJÁLP

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Sölumenn: **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,

# Fór til Eistlands í magahjáveitu

**Berglind Rós Ragnarsdóttir, sjúkraliði og hjúkrunarnemi, fór til Tallinn í Eistlandi í september þar sem hún gekkst undir magahjáveituaðgerð. Aðgerðin gekk vel og Berglind er 33 kílóum léttari.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Ofþyngd var ástæða þess að Berglind Rós fór að huga að hjáveituaðgerð. Hún var búin að prófa flestalla megrunarkúra, fara til einkaþjálfara og stunda líkamsrækt. Engu að síður segist hún hafa átt í mjög óheilbrigðu sambandi við mat. „Ég hafði heyrt reynslusögur frá fólki sem hafði farið til Tallinn en margir í þessum sporum fara til útlanda í aðgerð. Ástæðan er sú að aðgerðin er mun ódýrari þar heldur en á einkastofum hér og það er mjög erfitt að komast í þessa aðgerð á Landspítalanum. Ég starfa á Landspítalanum og þekki því vel þann aðbúnað sem þarf að vera á sjúkrahúsum. Ég var mjög sátt við allan aðbúnað, hreinlæti og þjónustu í Tallinn. Mér fannst stundum eins og ég væri á góðu hóteli, svo fínt var þarna,“ segir Berglind.

### Heilsan í húfi

„Læknirinn sem framkvæmdi aðgerðina er yfirlæknir á spítalanum. Hann hefur verið að kenna magahjáveitu í Svíþjóð, Þýskalandi og í fleiri löndum. Ég var búin að kynna mér spítalann vel og starfsfólkið áður en ég fór út. Mér fannst það skipta mig máli að allt væri fyrsta flokks. Tallinn er í Austur-Evrópu og kannski var ég með einhverja fordóma áður en ég kynnti mér þetta,“ segir hún.

Berglind segist gjörsamlega hafa misst tökin á þyngdinni eftir að hún eignaðist dóttur sína árið 2013. Hún tók ákvörðun um að fara í aðgerðina í júlí 2017. „Ég var búin að berjast við ofþyngd í 15 ár. Ég var farin að fá ýmsa heilsufarslega kvilla sem tengdust henni, meðal annars greindist ég með skjaldkirtilsvandamál og átti á hættu að fá sykursýki. Auk þess eru hjartasjúkdómar í ættinni og ég var farin að finna fyrir mæði auk hrota. Ég var búin að reyna allt, var samt fjörutíu kílóum yfir kjörþyngd og fann að ég gæti aldrei ráðið við þetta sjálf.“

### Kílóin hrynja

Eftir að Berglind ákvað að fara í aðgerðina fyllti hún út pappíra á netinu í gegnum vefsíðuna bariatricservices.eu en þar er mjög

> Ég var búin að berjast við ofþyngd í 15 ár, var farin að fá ýmsa heilsufarslega kvilla sem tengdust henni, meðal annars greindist ég með skjaldkirtilsvandamál og átti hættu á að fá sykursýki.

ítarleg umsókn sem þarf að fylla út. Læknirinn hefur síðan samband í gegnum Skype. Aðgerðin er gerð í gegnum kviðsjá og var framkvæmd á ríkissjúkrahúsinu í Tallinn en læknirinn er líka með einkastofu. Ég fann ekkert fyrir kvíða. Þegar ég vaknaði eftir svæfinguna leit ég þannig á að nú hæfist nýtt líf hjá mér. Ég fékk mjög ítarlegt matarplan sem ég átti að fylgja nákvæmlega fyrstu vikurnar á eftir. Ég var þrjá sólarhringa á sjúkrahúsinu og var bara mjög hress. Ef upp koma fylgikvillar eftir þessa aðgerð gerist það venjulega á fyrstu 48 klukkustundunum eftir hana. Það er vel fylgst með manni og læknirinn kemur reglulega og skoðar mann. Ég hef verið mjög heppin og ekki fundið fyrir neinu,“ segir Berglind. „Mér leið aldrei eins og sjúklingi, ég var aldrei svöng en ekki heldur södd. Ef maður fylgir því matarplani sem læknirinn hefur útbúið þá er þetta einfalt. Ég fór í aðgerðina 15. september 2017 og hef misst 33 kíló síðan. Ég á eftir að losa mig við sjö kíló til að vera í kjörþyngd.“

### Eiginmaðurinn fékk nýja konu

Verslunarferðir hafa breyst hjá Berglindi því núna kaupir hún föt í stærðum 36-38 í stað þess að horfa einungis á extra large fatnað. „Ég sá aldrei fyrir mér að ég færi að kaupa svona „lítil“ föt,“ segir hún. „Það er ótrúlega gaman að fara í búðir. Ég hef eignast nýtt og öðruvísi líf. Ofþyngdinni fylgir depurð og vanlíðan sem ég finn ekki fyrir núna. Þar fyrir utan legg ég áherslu á að borða hollan og prótínríkan mat,“ segir Berglind og viðurkennir að eiginmaðurinn hafi eignast nýja og breytta konu. „Ég þarf að fara í styrktaræfingar til að losna við umframhúð en þarf ekki að leggjast undir hnífinn vegna þess.“

Berglind segist vel geta mælt með þessari aðgerð fyrir þá sem þjást af ofþyngd en leggur áherslu á að þetta sé stór ákvörðun sem verði að taka á yfirvegaðan hátt. „Ég ákvað að fara í þessa aðgerð fyrir sjálfa mig og ekki velta mikið fyrir mér hvað aðrir segja. Hins vegar hef ég fengið frábær og jákvæð viðbrögð frá fólki, meðal annars því sem ég vinn með. Ég er mikið spurð um sjúkrahúsið í Tallinn og aðstöðuna þar af samstarfsfólki,“ segir Berglind sem er tilbúin að aðstoða fólk sem hefur áhuga á að fara í þessa aðgerð í Tallinn. „Ég fór nýlega út með vinkonu minni sem stuðningsaðili og það gekk líka mjög vel hjá henni. Magahjáveita er mikið rædd í lokuðum hópum á Facebook.“

Berglind borgaði aðgerðina sjálf að fullu sem kostaði um 750 þúsund krónur. Hér heima kostar hún 1,3-1,5 milljónir miðað við að hún sé gerð á einkastofu. „Líf mitt er mun betra í dag, ég get hlaupið á eftir dóttur minni án þess að vera móð og másandi og allar einföldustu líkamshreyfingar eru auðveldari.“



Berglind Rós er himinlifandi eftir magahjáveituaðgerðina enda hefur hún misst 33 kíló og líður mun betur en henni leið með öll kílóin. MYND/ANTON BRINK



Berglindi leið ekki vel með öll aukakílóin og ákvað að taka líf sitt í gegn. Þessi mynd var tekin áður en hún fór í magahjáveituaðgerð.

FYRIRTÆKJA-
ÞJÓNUSTA

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um fyrirtækjaþjónustu kemur út 21. mars nk. Allt sem við kemur fyrirtækjum sem sérhæfa sig í þjónustu við önnur fyrirtæki.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512 5402
eða sendu okkur póst á netfangið serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Arna náði ótrúlegum árangri

Eftir örfá skipti í Weyergans-sogæðameðferð næst nánast yfirnáttúrulegur bati sem byggir á heilsuvegferð geimfara.



Hulda Ósk Eysteinsdóttir á Heilsu & fegrunarstofu Huldu fór utan til að sérmennta sig í meðferðum Weyergans High Care-tækjanna frá heilsuvöruframleiðandanum Weyergans í Þýskalandi. Hulda segir gefandi að upplifa skjótan bata og aukna vellíðan skjólstæðinganna. MYND/VILHELM

Arna Rún Guðmundsdóttir fékk brjósklos í lok október og var búin að vera alveg frá af verkjum þegar hún frétti af tækjunum hjá Huldu. „Ég var tilbúin til að prófa allt til að minnka verkina.“ Arna Rún átti erfitt með að labba inn á stofuna fyrst þegar hún kom. „Með tárin í augunum fór ég í tækið og viti menn, fyrsti tíminn gerði kraftaverk fyrir mig og ég gat sjálf staðið upp.“ Arna Rún mælir eindregið með tækinu en hún fer tvisvar til þrisvar í viku til að halda verkjunum í skefjum. „Þetta hefur algjörlega bjargað mér til að komast af. Ég elska að koma til Huldu, einstaklega góð þjónusta og liðlegheit.“

Auður er 29 ára og greindist með vefjagigt fyrir rúmlega sex árum. „Ég kynntist tækjunum hjá Heilsu- og fegrunarstofu Huldu fyrir rúmlega einu og hálfu ári og það sem þetta hefur gert fyrir mig er alveg magnað,“ segir Auður og bætir við að loksins hafi tekist að halda bólgum og verkjum niðri. „Ég er orkumeiri og sogæðameðferðirnar hafa gert svo mikið fyrir mig. Ég átti til dæmis í erfiðleikum með að labba upp stiga vegna verkja í hnjám en í dag er ég verkjalaus í hnjánum og mjóbakinu.“ Auður hefur enn fremur lést um 20 kíló á nokkrum mánuðum eftir að hún byrjaði í sogæðameðferðinni. „Tækin hjá Huldu hafa gert svo mikið fyrir mig: ég sef betur, er minna verkjuð og orkumeiri. Mikið er ég þakklát fyrir hvað þessi tæki hafa gert mikið fyrir mig.“

Anna Sigurðardóttir hefur oftar en einu sinni fengið slæma verki í mjóbak. Síðast þegar það gerðist prófaði hún að fara í tækin til Huldu. „Já, ég fór til hennar þegar ég gat varla gengið vegna verkja í mjóbaki. Ég fór alls þrisvar sinnum og strax eftir fyrsta tímann gat ég reimað á mig skóna aftur. Eftir fyrstu tvo tímana var ég orðin mjög góð. Þetta bjargaði mér algjörlega og hjálpaði mér að ná mér á mettíma. Það er rosa notalegt andrúmsloft hjá Huldu og hún er glaðleg og lifandi. Ég veit að ef ég finn aftur fyrir þessum verkjum fer ég beinustu leið til Huldu.“

Heilsu & fegrunarstofa Huldu er í Borgartúni 3 og hægt er að fá nánari upplýsingar í síma 557-4575 / 772-4575.

# Tekst á við áskoranir

Örn Hackert hefur fengið mjög góðar viðtökur við hringlaga hillu sem hann hannaði og smíðaði í sameiningu við húðflúrarann sinn, Búra Hallgrímsson. Fleiri verkefni gætu verið á teikniborðinu.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Þúsundþjalasmiðurinn Örn Hackert hefur vakið athygli undanfarin ár fyrir ýmis falleg og skemmtileg verk og innanstokksmuni sem hann býr til úr ýmiss konar viði, t.d. rekaviði og gömlum viði sem á að henda á haugana. Meðal verka hans má nefna innréttingar á veitingastaðnum Wok On í Borgartúni og Greifanum Barbershop í vesturbæ Reykjavíkur. Nýjasta afurð hans hefur vakið nokkra athygli en um er að ræða stóra hringlaga hillu sem staðsett er í anddyri húðflúrstofu í miðbæ Reykjavíkur. Hillan er raunar samvinnuverkefni Arnar og eiganda stofunnar, Búra Hallgrímssonar, en þeir félagar kynntust í stólnum þegar Búri húðflúraði Örn fyrst árið 2015.

„Við náðum strax vel saman enda er Búri fróður maður,“ segir Örn. „Samræður okkar urðu skemmtilegar og eitt leiddi af öðru. Ég sagði honum hvað ég væri að gera og eftir smá tíma byrjuðum við að bralla eitthvað saman. Fyrsta verkið var þykkt og gott afgreiðsluborð fyrir stofuna hans og síðar gerðum við ýmislegt fleira. Einn daginn bar Búri undir mig grunnhönnun af hillunni á grófskissuðu blaði. Mér leist strax vel á þegar ég sá t.d. hringinn og línurnar, enda hef ég svo mikinn áhuga á áskorunum, praktík og einstökum hlutum.“

### Þróuðu í sameiningu

Þegar grunnhugmyndin var komin á blað var næsta skref að byggja ofan á hana í sameiningu. „Við hittumst nokkrum sinnum í kjölfarið og ræddum ýmsar áhugaverðar pælingar, förum yfir praktískar aðferðir, ákváðum efni, stærðir og ljósamál og ýmislegt fleira. Þegar hugmyndin var orðin fullmótuð var mitt fyrsta verk að heimsækja Magga, indæla stálsmiðinn minn. Hann er algjör listamaður í sínu fagi enda búinn að vera í bransanum í um hálfa öld.“

Þegar stálhringurinn var tilbúinn var stefnan sett á verkstæði Arnar. „Auk stálhringsins notaði ég hillur úr furu en bakgrunnurinn er gulllitað yfirborð á spónaplötu með mismattri áferð. Síðan setti ég minni krossviðarhring á bakið fyrir lýsinguna. Þegar hillan var klár smíðaði ég að lokum praktíska veggfestingu sem þolir mikinn þunga auk þess sem auðvelt er að færa hana til ef færa á hillurnar.“



Hillan hefur vakið mikla athygli á stofunni og einnig á samfélagsmiðlum.



Búri Hallgrímsson (t.v.) og Örn Hackert við hilluna góðu. MYNDIR/ANTON BRINK

> „Samræður okkar urðu skemmtilegar og eitt leiddi af öðru. Ég sagði honum hvað ég væri að gera og eftir smá tíma byrjuðum við að bralla eitthvað saman.
>
> Örn Hackert

### Fékk góð viðbrögð

Hann segir viðbrögðin hafa verið ótrúlega góð. „Ég deildi myndum af verkinu á Facebook- og Instagram-síðum mínum, eins og ég geri alltaf með ný verk mín. Síðan datt mér í hug að deila þessu á „Skreytum hús“ grúppunni á Facebook. Viðtökurnar þar voru fallegar og stórar, fólk er greinilega að fíla þetta. Það var líka mjög skemmtileg stund þegar hillurnar fóru upp í einni töku á stofunni og allt small saman. Þá var brosað allan hringinn og tekið „high five“.

Hann segir þá félaga vafalaust eiga eftir að bralla eitthvað fleira saman. „Annars er ég alltaf með alls konar hugmyndir í hausnum, eins og að hanna borðstofuborð sem hægt er að fella saman, stækka og minnka. Einnig vil ég stækka borð sem ég hannaði og smíðaði síðasta sumar en það fékk mikla athygli. Síðast en ekki síst langar mig að fara með það hugarfar inn í daginn að smita einhvern með brosi.“

# Verk og vit

FÖSTUDAGUR 9. MARS 2018 Kynningar: BYKO, Toyota, Vélar og verkfæri, Íslandslyftur




Ingibjörg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri stórsýningarinnar Verk og vit, segir margt spennandi verða til sýnis enda mikill hugur í sýnendum. MYND/STEFÁN

# Heilt þorp í Höllinni

Stórsýningin Verk og vit hófst í gær en sýningin er haldin í fjórða skipti dagana 8.–11. mars og fer fram í Laugardalshöll. Um 120 fyrirtæki og stofnanir taka þátt og kynna vörur sínar og þjónustu. →2


Sýningin spannar 5.000 fm svæði og hver sentimetri er nýttur. Hér má sjá iðnaðarmenn að störfum við uppsetningu.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Verk og vit er ætluð þeim sem koma að byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð á ýmsum stigum, s.s. sveitarfélögum, verktökum, iðnaðar- og þjónustufyrirtækjum, menntastofnunum, hönnuðum og ráðgjöfum. „Sýningin er haldin annað hvert ár og var haldin síðast 2016 þegar um hundrað aðilar kynntu starfsemi sína og þjónustu,“ segir Ingibjörg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri sýningarinnar. „Þetta er í fjórða sinn sem sýningin er haldin en á milli 2008 og 2016 var gert langt hlé vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.“

Fyrstu tvo dagana er sýningin aðeins opin fyrir fagaðila, en seinni tvo dagana, laugardag og sunnudag, er almenningur einnig boðinn velkominn. „Það má eiginlega segja að sýningin eigi erindi við alla, alveg frá því að þér dettur í hug að starfa við eitthvað tengt byggingariðnaði og þangað til þú flytur inn í húsnæði, það er allt þarna undir,“ segir Ingibjörg Gréta og bætir við að Verk og vit sé fyrst og fremst fagsýning. „Hún felur í sér einstakt tækifæri fyrir fagaðila, innlenda jafnt sem erlenda, til að kynna vörur sínar og þjónustu og eiga í fagsamtali sín á milli, sem er mikilvægt í öllum starfsgreinum. Hún er kjörinn vettvangur fyrir sýnendur til að styrkja tengslanetið, efla samband við núverandi viðskiptavini og bæta nýjum í hópinn.“

Fjöldi viðburða verður í tengslum við sýninguna. Á föstudeginum verður ráðstefna um skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu sem hefur tekið miklum breytingum að undanförnu og fram undan eru fjölmargar áskoranir. Mikið hefur til dæmis hvílt á byggingariðnaðinum við uppbyggingu innviða og á sama tíma hefur átt sér stað mikil uppbygging gistirýmis fyrir ferðamenn. „Markmið ráðstefnunnar er að varpa ljósi á framtíð höfuðborgarsvæðisins þegar horft er til skipulags, innviða og fjármögnunar,“ segir Ingibjörg Gréta. Á meðal þeirra sem taka til máls á ráðstefnunni eru Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, Ármann Kr. Ólafsson, formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og bæjarstjóri í Kópavogi, og Una Jónsdóttir, hagfræðingur og deildarstjóri leigumarkaðsmála hjá Íbúðalánasjóði.


Mikill metnaður er hjá sýnendum að gera rými sín sem glæsilegust úr garði.

Ráðstefnan er öllum opin en þátttökugjald er kr. 6.900. Innifalinn er aðgöngumiði á sýninguna Verk og vit 2018.

## 5.000 fermetra sýningarsvæði

Sýningarsvæði Verks og vits er um 5.000 fermetrar og og hver þeirra er nýttur til hins ítrasta. Það er því af mörgu að taka fyrir gesti. „Það var mikill áhugi á því að tryggja sér sýningarrými og rúmum mánuði fyrir sýningu var sýningarsvæðið uppselt fyrir þá sem vilja kynna sig. Við vorum að fá beiðnir um sýningarrými fram á síðasta dag.“ Á meðal sýnenda má nefna fjármálafyrirtæki, húsaframleiðendur, verkfræðistofur, tækjaleigur, bílaumboð, hugbúnaðarfyrirtæki og menntastofnanir. „Sýningin er afar mikilvæg fyrir tengingu menntastofnana og atvinnulífsins,“ segir Ingibjörg Gréta. „Tækniskólinn tekur þátt í sýningunni og býður öllum 10. bekkingum á kynningu í sal í Laugardalshöllinni. Að kynningunni lokinni er þeim svo boðið á sýninguna til að kynna sér geirann af eigin raun og komast í tengsl við fólkið sem þar starfar. Við bjóðum sýnendum að taka á móti þessum 10. bekkingum og kynna sig fyrir þeim sérstaklega og það hefur mælst vel fyrir. Síðast þegar þetta var gert, árið 2016, var metaðsókn í Tækniskólann haustið eftir. Það er gaman að vita til þess að við eigum hlut að máli þar.“


Það er greinilegt að á sýningunni Verk og vit er fagmennskan í fyrirrúmi.

## Mikill metnaður

Ingibjörg Gréta segir sýninguna einkar glæsilega og áhrifaríka. „Það er mikill metnaður hjá sýnendum og áhrifaríkt að sjá hvað er mikið um að vera í þessum geira. Það er mikill hugur í fólki.“ Árið 2016 mættu um 23.000 gestir á Verk og vit. „Þá var slegið aðsóknarmet og við eigum von á að það verði slegið aftur í ár. Forsala á miðum fyrir fagaðila hófst fyrir þó nokkru og fyrirtæki hafa verið að kaupa miða fyrir sitt fagfólk á fimmtudag og föstudag.“ Á laugardag og sunnudag verður sýningin svo opnuð almenningi. „Það verður margt spennandi í boði, því metnaður sýnenda er mikill. Hér rís heilt þorp, það er allt á fullu í Höllinni, þar sem allir leggja sig fram og við vonumst til að sjá sem flesta,“ segir Ingibjörg Gréta og bætir við að hægt sé að kaupa miða við innganginn.

Framkvæmdaraðili sýningarinnar er AP almannatengsl og samstarfsaðilar eru atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Landsbankinn, BYKO, Reykjavíkurborg og Samtök iðnaðarins.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Veffang: frettabladid.is

# Stórsýningin Verk og vit 2018

Íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð

## Laugardalshöll 8.–11. mars

# Velkomin!

## Sýning • ráðstefna • viðburðir

Allt það nýjasta í íslenskum byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð









| OPNUNARTÍMI | | FAGAÐILAR | ALMENNIR GESTIR |
|---|---|---|---|
| Föstud. | 9. mars | kl. 11-19 | kl. 11-17 |
| Laugard. | 10. mars | kl. 11-17 | kl. 12-17 |
| Sunnud. | 11. mars | kl. 12-17 | |
| Verð aðgöngumiða | | kr. 2.500 | kr. 1.500 |

Aðgöngumiði fagaðila gildir alla sýningardagana

Miðasala við innganginn

Nánari upplýsingar á verkogvit@verkogvit.is og í síma 514 1430

**www.verkogvit.is**

Framkvæmdaraðili:
AP almannatengsl

H2 hönnun

SAMSTARFSAÐILAR

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

SI

BYKO

# Bara útivinna kom til greina

**Á rúmum fjórum áratugum hefur Jón Sigurðsson, húsasmíðameistari og formaður Meistarafélags húsasmiða, séð miklar breytingar. Aðbúnaður starfsmanna og öryggismál hafa t.d. breyst mikið.**

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Jón Sigurðsson, húsasmíðameistari og formaður Meistarafélags húsasmiða, hefur starfað við húsasmíðar í rúma fjóra áratugi. Mjög margt hefur breyst á þessum tíma, t.d. varðandi aðbúnað starfsmanna, verkfæri og öryggismál, en Jón kann enn afar vel við sig í starfi.

Hann byrjaði að smíða á vormánuðum 1976 og skrifaði undir námssamning í september sama ár. Þó segist hann ekki muna hvers vegna smíði hafi orðið fyrir valinu á sínum tíma en Jón ólst upp í sveit og vandist því að vinna með höndunum. „Það kom líka aldrei neitt annað til greina en útivinna því ég gat ekki hugsað mér að hanga inni allt sumarið. Að hanga yfir námsbókum fannst mér líka hundleiðinlegt og þjóna engum tilgangi að mér fannst á þeim árum þar sem ég vildi hafa eitthvað fyrir stafni.“

### Þoldi ekki við inni við

Hann segir þó vissulega hafa spilað inn í ákvörðunartökuna að afi hans var húsasmiður. „Hann var reyndar í húsgagnasmíði sem kom ekki til greina hjá mér því ég vildi starfa utanhúss. Reyndar verð ég að viðurkenna að þegar skólagöngu lauk, og ég hætti að vera í skóla á veturna og þurfti að vinna úti bæði vetur og sumar, fór hluti af glansinum bókstaflega út í veður og vind.“

Hann rifjar m.a. upp atvik snemma vetrar árið 1979 þegar byrjað var að snjóa. „Ég átti þá að slá upp einbýlishúsi í Breiðholti en endaði í svakalegri vinnu við að moka snjó. Á hverjum morgni var ég fram yfir morgunkaffi að moka til að geta unnið. Snjórinn hefur þann ókost að tolla ekki þar sem maður vill hafa hann ef hreyfir vind þannig að maður mokaði sama snjónum á hverjum morgni. Þetta varð til þess að ég hætti að smíða um áramótin 1979-1980 en svo þoldi ég ekki við inni við um vorið og byrjaði aftur 2. maí 1980 og hef unnið við þetta sleitulaust síðan.“

### Fátæklegt nesti

Eðlilega hefur margt breyst á þeim rúmu fjórum áratugum sem Jón hefur starfar í greininni. Hann segir af mörgu að taka og byrjar á aðbúnaðinum á vinnustöðum. „Þegar ég byrjaði fengum við vinnuskúra sem voru klæddir með bárujárni og oftast einangraðir með þunnu plasti. Aðeins sumir þeirra voru kyntir og þá bara yfir vinnudaginn. Skúrarnir voru u.þ.b. 2 x 2 metrar og öll verkfærin okkar voru geymd þar líka. Engin salernisaðstaða var til staðar og raunar engin almenningssalerni nema á BSÍ sem var of langt í burtu fyrir okkur.



„Það kom líka aldrei neitt annað til greina en útivinna því ég gat ekki hugsað mér að hanga inni allt sumarið,“ segir Jón Sigurðsson sem hefur starfað við húsasmíðar í rúm 40 ár. MYND/VILHELM

> **Þegar ég byrjaði fengum við vinnuskúra sem voru klæddir með bárujárni og oftast einangraðir með þunnu plasti. Aðeins sumir þeirra voru kyntir.**

Því fóru menn á salerni áður en þeir mættu í vinnuna og svo þegar þeir komu heim eftir kl. 19. Í einu verkinu fengum við óeinangraðan sendibíl sem vinnuskúr um hávetur og hann var kyntur með gasi rétt fyrir kaffi og mat. Þetta var mjög gott til að halda okkur að vinnu því mann sveið svo í augun eftir gasbrunann að maður stoppaði mjög stutt í mat og kaffi.“

Nesti þurfti mannskapurinn líka alltaf að hafa með sér þar sem hvergi var hægt að kaupa mat í nágrenninu. „Þá var ekki um auðugan garð að gresja; normalbrauð, franskbrauð og rúgbrauð og örfáar áleggstegundir voru í boði. Síðan hellti maður upp á kaffi á morgnana sem var svo orðið kalt í seinna kaffinu. Ég man að mér þótti algjör hátíð þegar jógúrt kom á markað því það snarjók fæðisvalið yfir daginn.“

### Öryggið allt annað

Í uppslátt á steypumótum var mestmegnis notast við mótatimbur áður fyrr og þau bundin saman með vír en þetta breyttist fljótt, segir hann. „Fyrst komu svokölluð Breiðfjörðstengi, síðan dokaborð og í framhaldinu voru flekamótin hífð með krana eins og við þekkjum í dag. Vörubílar með stóra krana voru ekki til heldur einungis grindarbómukranar sem voru stirðir í flutningum og þar af leiðandi var mestallt efni borið á milli hæða. Þó var ein tækni komin fram en það voru dælubílar sem dældu pússningasandinum upp á hæðir. Í dag erum við komnir með svo öfluga krana á vörubíla að enginn þarf að bera neitt.“

Staða öryggismála er líka allt önnur í dag en áður, segir Jón. „Umræðan um öryggismál var ekki til þegar ég byrjaði og það er skemmst frá því að segja að ef mínir starfsmenn gerðu það sem ég gerði á yngri árum þá yrðu þeir einfaldlega reknir á staðnum.“

Handverkfæri hafa líka breyst verulega og nefnir hann sem dæmi þar sem skóli var klæddur að innan með spónaplötum sem allar voru sagaðar með handsög og heflaðar til með handhefli. „Í dag eiga smiðir varla handhefil og í mörgum tilfellum sporjárn þar sem notkun þeirra hefur minnkað svo mikið. Árið 1980 hætti maður að vera með plástur á öllum fingrum annarrar handar þegar maður var að glerja þar sem skrúfvélar tóku við af skrallskrúfjárnum. Þegar þau voru í notkun þá voru skrúfur með mínushaus og það kom fyrir að skrúfjárnið skrapp úr skrúfunni og í rúðuna og hún brotnaði. Til að koma í veg fyrir þetta var puttinn settur á milli og honum fórnað þar sem nóg var til af plástri.“

### Miklar framfarir

Jón hefur gegnt formennsku í Meistarafélagi húsasmiða síðan 2014, eftir að hafa setið í stjórn og varastjórn í nokkurn tíma. Aðspurður hvernig hann sjái greinina þróast á næstu 5-10 árum segir hann það ráðast mikið af skipulagsmálum í Reykjavík auk þess sem róttækar breytingar þurfi á núgildandi byggingarreglugerð. „Ef litið er til greinarinnar má einnig búast við ýmsum tækninýjungum og miklum framförum hvað varðar bæði rekstrarumhverfi okkar og þróun á þeim vörum sem við komum til með að bjóða. Þetta er allt í anda fjórðu iðnbyltingarinnar sem nú er í fullum gangi. Sem dæmi um þessar breytingar má t.d. nefna að við erum farin að sjá ótrúleg ný mannvirki erlendis sem eru í raun með hjarta og sál. Þetta svokallaða „hjarta“ metur t.d. og greinir þörf á orkunotkun, loftræstingu, hljóðvist o.s.frv. Þessar tækninýjungar eru til þess fallnar að auka vellíðan og ánægju þeirra sem búa og vinna í byggingum sem okkar geiri framleiðir.“



# Verk og vit er mikilvæg fagsýning

BYKO er ein þekktasta byggingavöruverslun landsins og býður upp á afar breitt vöruval. Fyrirtækið er einn af samstarfsaðilum stórsýningarinnar Verk og vit.


BYKO útvegaði allt byggingarefnið í fyrsta Svansvottaða húsið sem reist var á Íslandi. Húsið er einkar glæsilegt og stendur við Brekkugötu í Garðabæ.

Við hjá BYKO lítum svo á að Verk og vit sé kjörinn vettvangur til að kynna okkar helstu vörur og þjónustu, auk þess að vekja athygli á spennandi nýjungum. Með þátttöku á sýningunni fáum við gott tækifæri til að hitta viðskiptavini okkar víða að úr byggingariðnaðinum, auk þess að hitta einstaklinga sem eru í framkvæmdahugleiðingum," segir Árni Reynir Alfredsson, markaðsstjóri BYKO, en þetta er í fjórða sinn sem sýningin er haldin.

## Með frá upphafi

„Við höfum verið með frá upphafi, enda um að ræða mikilvæga fagsýningu fyrir byggingariðnaðinn í heild sinni. Ráðgjafar BYKO verða á svæðinu allan sýningartímann. Þeir verða tilbúnir til skrafs og ráðagerða, hvort sem þörf er á ráðleggingum vegna kaupa á nýju grilli, smíði á palli fyrir sumarið eða stærri verkefna eins og byggingar á nýju húsnæði," segir Árni.

## Fyrirtæki í fararbroddi

Hjá BYKO starfar reynslumikið starfsfólk sem hefur gert fyrirtækinu kleift að vera í fararbroddi hvað varðar heildarlausnir og nýjungar í byggingariðnaði, að sögn Árna. „Viðskiptavinir okkar njóta góðs af margra ára reynslu okkar og geta verið vissir um að við leggjum okkur fram um að finna bestu lausnina hverju sinni," segir hann en á sýningunni verða m.a. kynntar sérlausnir á sölu- og markaðssviði BYKO.

„Sú þjónusta er ætluð þeim sem tengjast hönnun eða verklegum framkvæmdum á einn eða annan hátt, hvort sem þær eru stórar eða smáar. Hjá BYKO fæst allt sem til þarf, hvort sem það er timbur, lagnavörur, gluggar, steinull, klæðningar eða þakefni; með öðrum orðum allt frá skrúfu að fullbúnu húsi," segir Árni.

## Fagleg ráðgjöf

„Þarfir viðskiptavina okkar eru ólíkar en þegar leita þarf lausna vinnum við eftir kjörorðinu okkar „Gerum þetta saman". Starfsfólk BYKO leggur sig fram um að vita hvað viðskiptavinurinn vill og er í stakk búið að gefa honum góð ráð, hvort sem um er að ræða lausnir á einhverjum vandamálum eða ábendingar um það nýjasta sem er í boði á markaðnum. Ráðgjöfin getur verið af ýmsum toga, svo sem reikna út efnisþörf, hjálpa til við efnisval og svara öllum þeim spurningum sem húsbyggjendur standa frammi fyrir. Þessi ráðgjöf er okkar viðskiptavinum að kostnaðarlausu," upplýsir Árni.

> „Við hjá BYKO lítum svo á að Verk og vit sé kjörinn vettvangur til að kynna okkar helstu vörur og þjónustu, auk þess að vekja athygli á spennandi nýjungum.
>
> Árni Reynir Alfredsson

## Allt til innréttinga

Í BYKO fæst allt sem þarf til innréttinga, t.d. parket, flísar og hreinlætistæki og nýlega hóf fyrirtækið einnig að bjóða fullbúnar eldhúsinnréttingar frá hinum þekkta framleiðanda JKE Design. „Þá má nefna að BYKO útvegaði byggingarefnið í fyrsta Svansvottaða húsið sem reist var á Íslandi við Brekkugötu 2 í Garðabæ en það var mjög spennandi verkefni," segir Árni.

## Kynna nýjungar

Á sýningarsvæði BYKO verður hægt að sjá það allra nýjasta í byggingariðnaðinum en fyrirtækið kappkostar að bjóða alltaf það nýjasta og besta sem völ er á hverju sinni.

„Við hjá BYKO erum full tilhlökkunar að hitta viðskiptavini á Verk og vit sýningunni og fá tækifæri til að kynna þeim það sem við höfum upp á að bjóða," segir Árni að lokum.



„Með þátttöku á sýningunni fáum við gott tækifæri til að hitta viðskiptavini okkar víða að úr byggingariðnaðinum, auk þess að hitta einstaklinga sem eru í framkvæmdahugleiðingum," segir Árni Reynir Alfredsson, markaðsstjóri BYKO. MYND/STEFÁN

# Risaverkefni fram undan í Reykjavík

**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fjallar um framtíð borgarinnar á ráðstefnu um skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu sem fram fer í Laugardalshöll í dag.**



Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is


Uppbyggingin í borginni er nátengd annars vegar Aðalskipulagi Reykjavíkur og hins vegar uppbyggingu Borgarlínu meðfram þróunarási aðalskipulagsins. Undanfarin ár hafa verið ein mestu uppbyggingarár í sögu borgarinnar,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri en hann fjallar um framtíð borgarinnar og hvernig núverandi áætlanir munu endurspegla Reykjavík framtíðarinnar á sýningunni Verk og vit í dag.

Erindið er hluti af dagskrá ráðstefnu um skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu sem Landsbankinn og Samtök iðnaðarins standa fyrir.

Dagur segir enn meiri uppbyggingu fram undan.

Unnið sé að íbúðauppbyggingu á 33 reitum en tólf til viðbótar fara í uppbyggingu á komandi misseri. Þá er búið að staðsetja þéttingarreiti borgarinnar til næstu ára og teikna upp áætlun um fjölgun borgarbúa samhliða þéttingu byggðar meðfram afkastamiklum hágæða almenningssamgöngum.

## Vaxandi borg áskorun

Risaverkefni eru fram undan í borginni og þar nefnir Dagur helst nýjan meðferðarkjarna Landspítalans og uppbyggingu þróunarreita eins og Gufuness, Skerjafjarðar, Veðurstofuhæðar, Höfðanna og á lóð Stýrimannaskólans. Stóra áskorun borgarinnar sé að taka á móti þessum vexti og vexti nágrannasveitarfélaganna án þess að einkabílum fjölgi í sama hlutfalli með tilheyrandi loftmengun og umferðartöfum. Áherslan verði á fjölbreyttar samgöngur þar sem Borgarlína er ein af lausnunum til að létta á bílaumferð.

## Skýr sýn á Borgarlínu

„Þétting byggðar færir fólk nær vinnustöðum sínum og gerir þeim kleift að fara færri ferðir á bílnum og fleiri hjólandi, gangandi eða í strætó. Nýverið hefur staðið yfir breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins þar sem megin þróunar- og uppbyggingarlínur Borgarlínunnar eru festar í sessi,“ útskýrir Dagur.

„Samhliða því munu eiga sér stað viðræður við ríkisstjórnina um hlutdeild ríkisins í fjármögnun Borgarlínunnar. Reykjavíkurborg hefur skýra sýn á uppbyggingu Borgarlínunnar innan borgarinnar þar sem þróunarás aðalskipulagsins er fyrsti kostur borgarinnar til uppbyggingar. Þar er þegar búið að breyta skipulagi á fjölda þróunarreita til þess að greiða fyrir þéttri, blandaðri byggð sem styður við hágæða almenningssamgöngur.“

> **Þétting byggðar færir fólk nær vinnustöðum sínum og gerir þeim kleift að fara færri ferðir á bílnum.**

Auk borgarstjóra flytja erindi þau Ármann Kr. Ólafsson, formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og bæjarstjóri í Kópavogi, Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins, Ari Skúlason, hagfræðingur hjá Landsbankanum, Una Jónsdóttir, hagfræðingur og deildarstjóri leigumarkaðsmála hjá Íbúðalánasjóði, Örn Tryggvi Johnsen, rekstrarstjóri ÞG verktaka, og Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali hjá Híbýli fasteignasölu og fyrrverandi formaður Félags fasteignasala.



Stór áskorun er að mæta vexti Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaga án þess að einkabílum fjölgi, segir borgarstjóri.






VÉLABORG
www.velaborg.is

# SNJALLARI VÖRUHÚSALAUSNIR

**BRETTAREKKAR – HLEÐSLUBRÝR – VÖRUTURNAR – IÐNAÐARHURÐIR – SMÁVÖRUKERFI**

IÐNAÐARHURÐIR



ASSA ABLOY

HILLUKERFI



JUNGHEINRICH

ÁREKSTRAVARNIR



A-SAFE Est. 1984

VÖRUTURNAR




kardex remstar

ELDVARNARHURÐIR



a1S GROUP

**KOMDU Á VERK OG VIT OG KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Á**

# BÁS A81

Járnháls 2-4 | Krókháls 5F | 110 Reykjavík | Sími: +354 414 8600 | velaborg@velaborg.is




Á sýningunni Verk og vit er hægt að skoða bílana frá Toyota og kynnast þeim ótalmörgu lausnum sem eru í boði til að sníða bílana að þörfum hvers og eins. MYND/ANTON BRINK

# Áreiðanlegir bílar sem henta vel í rekstur allra fyrirtækja

Bílarnir frá Toyota eru traustir og áreiðanlegir og henta vel í allar gerðir reksturs. Starfsmenn Toyota leggja áherslu á lipra, góða og fumlausa þjónustu, selja bíla af öllum stærðum og gerðum og bjóða ótalmargar lausnir til að sníða bílana að þörfum og rekstri hvers og eins.

Stjórnendur fyrirtækja vita hversu mikilvægt það er að viðhalda hagkvæmni í rekstri bílaflota. Bilanatíðni þarf að vera í lágmarki, þjónustan á að ganga snurðulaust fyrir sig og ökutækin verða að uppfylla ströng skilyrði um aðbúnað og öryggi ökumannsins. Toyota-bílar hafa um árabil verið vinsælir á fyrirtækjamarkaði, ekki síst vegna gæða vörunnar og þjónustulipurðar starfsmanna Toyota.

Á fyrirtækjasviði Toyota í Kauptúni starfa félagarnir Hlynur Ólafsson sölustjóri og Daníel Hansson ráðgjafi. Þeir einbeita sér daglega að því að finna bestu mögulegu lausnir í bílamálum og flotastýringu fyrirtækja.

„Bílarnir eru jafn ólíkir og þeir eru margir, en allir eiga þeir það sameiginlegt að hafa reynst einstaklega vel við íslenskar aðstæður og bilanatíðni þeirra er með því lægsta sem gerist,“ segir Hlynur „Vinsælustu bílarnir eru Hilux-pallbíllinn okkar og Proace, sem er sendibíll í þremur stærðum. Litlu bílarnir Aygo, Yaris og Auris er líka mjög vinsælir og svo stendur Íslandsbíllinn Toyota Land Cruiser alltaf fyrir sínu.“

## Toyota á Verk og vit



Þegar gestir stórsýningarinnar Verk og vit mæta í anddyri Laugardalshallarinnar tekur á móti þeim stórglæsilegur fagurrauður Toyota Land Cruiser. „Þetta er ný útgáfa af Toyota Land Cruiser sem við kynntum fyrst í janúar á þessu ári,“ segir Hlynur. „Þessi bíll er í VX útfærslu og er mjög vel útbúinn.

Framendi bílsins hefur verið endurhannaður og fyrir vikið er hann íburðarmeiri að sjá. Innréttingin hefur einnig tekið stakkaskiptum og allt efnisval er betra. Framrúðan er upphituð og það er miðstöðvarkerfi fyrir þá sem sitja í aftursætum,“ segir Hlynur. „Nýtt öryggiskerfi, Toyota Safety Sense, umlykur bílinn allan með myndavélum og skynjurum, sem gerir aksturinn enn öruggari. Nýr Land Cruiser býðst nú með 33“ breytingu og tveggja ára þjónustupakka án kostnaðarauka. Ég hvet alla sem hafa áhuga á þessum bíl að koma til okkar á sýninguna eða í Kauptún 6, Garðabæ.

Á básnum okkar erum við með tvo af okkar vinsælustu atvinnubílum, Toyota Proace og Toyota Hilux,“ segir Hlynur. „Proace-bíllinn er búinn toppgrindarpalli, sem er vinnupallur á þakinu. Farmrýmið er klætt með slitsterkri gólfplötu sem er vinsæl lausn fyrir flutninga. Svo eru til ótal lausnir til þess að

> **Við útbúum sérsniðna þjónustupakka sem henta öllum fyrirtækjum, stórum sem smáum. Með því er hægt að setja góða umgjörð um bílaflotann og tryggja fumlausa þjónustu.**

sníða bílinn að starfsemi hvers og eins, sem við Daníel munum kynna fyrir gestum sýningarinnar. Þess má geta að með nýjum Proace fylgir tveggja ára þjónustupakki frá Toyota, Kauptúni.“

„Hilux er öflugur vinnuþjarkur sem flestir kannast við. Bíllinn á sýningunni er með pallhúsi, heitklæðningu á palli, kastaragrind að framan og 33“ breytingu, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Daníel. „Aukahlutaúrval fyrir Hilux er með því besta sem gerist, sem sést á þeim ótal mörgu útfærslum sem eru á götum landsins.“

## Sérsniðnir þjónustupakkar

„Þau fyrirtæki sem ganga í samstarf við okkur geta vænst þess að við leggjum okkur fram um að veita bestu þjónustu sem völ er á, undir kjörorðunum: „Engin vandamál, bara lausnir.“ Við útbúum sérsniðna þjónustupakka sem henta öllum fyrirtækjum, stórum sem smáum,“ segir Hlynur. „Með því er hægt að setja góða umgjörð um bílaflotann og tryggja fumlausa þjónustu, sem er mikið atriði, sérstaklega þegar reksturinn er háður bílnum.

Við skorum á viðskiptavini að koma til okkar í Kauptúnið og reynsluaka þessum frábæru bílum til að finna hvaða lausn hentar best og skoða allar leiðir sem snúa að fjármögnunarmálum, en rekstrarleiga hefur verið mjög vinsæl síðustu ár,“ segir Hlynur að lokum.




Linda Kristín Sveinsdóttir stendur hér á milli þeirra Sörens Sörensen og Árna Reimarssonar.

# Öryggið ofar öllu



Þau Joakim Eriksson frá Assa AB og Sandra Garcia frá Traka eru gestir Véla & verkfæra á sýningunni Verk og vit og verða í dag til skrafs og ráðagerða í Laugardalshöllinni.

**Vélar og verkfæri selja alls konar búnað á hurðir og glugga. Vörurnar sem fyrirtækið kynnir á Verk og vit eru fyrir aðstæður þar sem venjuleg aðgangskerfi duga ekki til.**

Á sýningunni Verk og vit ætlum við að kynna vörur frá sænska fyrirtækinu Assa AB og breska fyrirtækinu Traka,“ segir Linda Kristín Sveinsdóttir, markaðs- og innkaupastjóri hjá Vélum & verkfærum.

Kjarnastarfsemi Véla & verkfæra er að flytja inn og selja öryggisvörur og annan búnað á hurðir og glugga. Stærstu birgjarnir eru fyrirtæki innan Assa Abloy Group og eru starfsmenn átján talsins.

„Fyrirtæki og stofnanir hafa verið að færa sig í auknum mæli yfir í aðgangskerfi,“ upplýsir Linda. „Það sýnir sig þó að það er nánast ómögulegt að losna við alla lykla. Suma lykla er mjög dýrt að losna við vegna þess að það þarf að leggja raflagnir til að tengja mannvirkin venjulegu aðgangskerfi.“

Dæmi um framangreint eru spennistöðvar á fjöllum og hlið á flugvallarsvæðum.

„Þrátt fyrir að mörg hefðbundin aðgangskerfi ráði illa við þessar aðstæður er engu að síður mjög mikilvægt að stýra aðgengi og hafa yfirsýn yfir hverjir fara þar um,“ segir Linda.



CLIQ Remote-lykill frá Assa AB.



Aðgangsstýrður lyklaskápur Traka var þróaður í samstarfi við British Airways.

## Forritaðir lyklar frá Assa

Lausnin frá Assa heitir Assa CLIQ® Remote.

„CLIQ® Remote er hannað með það í huga að sameina kosti hefðbundinna aðgangskerfa og mekanískra höfuðlyklakerfa,“ útskýrir Linda en CLIQ® Remote er tilvalið til notkunar í starfsemi sem er dreifð yfir stærra landsvæði. „CLIQ® Remote-sylindra er líka hægt að fá í hengilása til að nota á hlið. Hægt er að forrita hvern lykil á mismunandi hátt, sem þýðir að þeir sem hafa lykilinn hafa einungis aðgang að þeim lásum sem þeir þurfa að hafa aðgang að og á þeim tímum og/eða dögum sem þeir þurfa hann.“

CLIQ® Remote frá Assa er sveigjanlegt og hægt að uppfæra eða breyta heimildum lykla eins oft og þarf. Lyklarnir eru uppfærðir í uppfærslustöðvum, veggfestum eða lausnum sem hægt er að hafa meðferðis.

„Mörg dæmi eru um að stofnanir og fyrirtæki noti CLIQ® Remote erlendis. Til dæmis Eskilstuna Energi och Miljö (EEM). Fyrirtækið ber ábyrgð á rafmagni, hita, neti, vatni, skólpi og endurvinnslu fyrir íbúa Eskilstuna, sem eru rúmlega 100 þúsund. Eins og gefur að skilja er um að ræða alls konar mannvirki. Í sumum þessara mannvirkja er aðgangskerfi, innbrotakerfi, brunaviðvörunarkerfi og eftirlitsmyndavélar, á meðan önnur eru varin með einum hengilás. Einn Assa CLIQ® Remote-lykill og eitt aðgangskort er það sem starfsmaður EEM þarf til að komast í allt sem hann þarf hjá fyrirtækinu,“ segir Linda.

Þess má geta að Joakim Eriksson, sérfræðingur frá Assa AB, verður í bás Véla & verkfæra í dag, föstudag, til að kynna Assa CLIQ® Remote.

## Aðgangsstýrðir lyklaskápar

Lausnin frá Traka er geymsla lykla sem nauðsynlegir eru í aðgangsstýrðum lyklaskáp.

„Þegar notandi hefur þörf fyrir lykil úr skápnum notar hann aðgangskort til að opna hann,“ útskýrir Linda. „Ef hann hefur heimild til að taka einhvern af lyklunum lýsir grænt á þeim. Taki viðkomandi lykil vistar skápurinn upplýsingar um hver tók hann og hvenær. Dæmi um fyrirtæki sem notar Traka-lausnina er Statnett í Noregi. Lyklar að spennistöðvum sem eru staðsettar um allan Noreg eru geymdir í aðgangsstýrðum skápum frá Traka og eru skáparnir staðsettir á sama landsvæði og spennistöðin.“

> **Með heimild til að taka lykil úr aðgangsstýrðum lyklaskáp lýsir grænt á hann og skápurinn vistar upplýsingar um hver tók lykilinn og hvenær.**
>
> Linda Kristín Sveinsdóttir

Traka-skáparnir voru upphaflega þróaðir í samstarfi við British Airways og eru því einnig notaðir til að geyma lykla að rýmum á Heathrow-flugvelli og víðar.

Johan Lokind og Sandra Garcia, sérfræðingar frá Traka, verða í bás Véla & verkfæra á sýningunni í dag, föstudag. Þar munu Linda Kristín Sveinsdóttir, Árni Reimarsson, Sören Sörensen, Sveinbjörn Lárusson og Haldor G. Haldorsen frá Vélum & verkfærum einnig taka á móti viðskiptavinum alla sýningardagana.

Vélar & verkfæri eru í Skútuvogi 1c. Sími 550 8500. Sjá nánar vv.is.

# Nýjungar frá Íslandslyftum

**Íslandslyftur kynna nýjungar frá þremur samstarfsaðilum á sýningunni Verk og vit í Laugardalshöll um helgina. Helgi Skúli Helgason eigandi segir sýninguna afar glæsilega.**

Þetta árið eru með mér fulltrúar þriggja samstarfsfyrirtækja, Liftup, Aritco og Kleemann. Allir munu þeir kynna helstu nýjungar en þetta er í þriðja sinn sem við tökum þátt í þessari veglegu sýningu," segir Helgi Skúli Helgason, eigandi Íslandslyfta.

### Einfaldur lyftubúnaður

„Liftup frá Danmörku framleiðir margvíslegan lyftubúnað og fyrir tveimur árum sýndum við frá þeim tröppulyftu sem sló í gegn. Nú frumsýnum við á Íslandi svokallaðan Raizer, lyftubúnað til þess að reisa fólk á fætur frá gólfi. Þetta er einfaldur og fyrirferðarlítill búnaður sem nýtist í heimahúsum og hvar sem verið er að meðhöndla fólk með hreyfihömlun. Sá búnaður sem notaður er í dag er stór og klossaður og ekki á færi allra að nota en Raizer búnaðinn frá Liftup gæti barn notað til að reisa við 150 kílóa mann," segir Helgi. Búnaðinum er komið fyrir undir hnjám þess sem liggur, örmum smellt á og manneskjan reist upp með fjarstýringu. „Eins einfalt í notkun og hægt er og er búnaðurinn ekki nema 13 kíló að þyngd."




„Verk og vit er afar glæsileg sýning og fyrirtækið hefur vaxið við þátttökuna," segir Helgi Skúli Helgason, eigandi Íslandslyfta. MYND/EYÞÓR

### Heimalyftur með nýju útliti

„Aritco er framleiðandi að pallalyftum sem Íslandslyftur hafa selt mikið af hér á landi. Frá þeim er nú komin ný vörulína af heimalyftum í glæsilegu útliti sem má líkja við hálfgerð listaverk. Þær eru einfaldar í uppsetningu og henta í einbýlishús og tveggja hæða sérbýli eða hærra. Lyftan getur staðið sér og engin lyftugöng því nauðsynleg."

### Vörulyftur og rúllustigar

„Kleemann er okkar helsti birgir á fólks- og vörulyftum ásamt rúllustigum. Við höfum innflutning á vörum frá þeim árið 2013 og í dag eru á annað hundrað lyftur og rúllustigar frá Kleemann í rekstri hér á landi," segir Helgi. „Fljótlega verður hægt að setja upp lyftur frá þeim án þess að þurfi vinnupalla til. Kleemann er stórt fyrirtæki sem býður bæði upp á sérsmíði og staðlaðar vörur. Við eigum í mjög góðu samstarfi við þá og þeir tóku ekki annað í mál en að vera með okkur á sýningunni aftur eftir að hafa verið með okkur fyrir tveimur árum. Verk og vit er enda afar glæsileg sýning og fyrirtækið hefur vaxið við þátttökuna," segir Helgi.

# Kynna Tækniskólann fyrir 10. bekkingum

**Tækniskólinn bauð nemendum 10. bekkjar í sérstaka kynningu á sýningunni Verk og vit fyrir tveimur árum. Nú verður það gert aftur og er mikill áhugi fyrir sýningunni. Stjórnendur skólans líta á þetta sem tækifæri til að gefa nemendum kost á að kynna sér fjölbreyttar námsgreinar.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Ólafur Sveinn Jóhannesson, deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar Tækniskólans, segir að áhuginn hafi verið mikill á þessu verkefni. Um tólf hundruð nemendur mættu fyrir tveimur árum og svipaður fjöldi hefur bókað sig núna. „Við gerðum þetta í fyrsta skipti árið 2016 en þá var þetta tilraunaverkefni til að vekja athygli grunnskólanemenda á iðn- og tæknimenntun með sérstaka áherslu á byggingariðnaðinn.

Við vissum ekkert hvernig viðbrögðin myndu verða en áhuginn var framar öllum vonum," segir hann. „Nemendur fengu stutta kynningu á Tækniskólanum í sal við anddyri Laugardalshallar áður en þeir fóru inn á sýninguna. Það er skemmst frá því að segja að eftir það hefur aldrei verið jafnmikill áhugi á námi Tækniskólans og á síðasta ári," greinir Ólafur frá og bætir við að kynningin sem nemendur fengu hafi rækilega haft áhrif.

„Fyrirtækin sem voru að sýna á Verk og vit sáu líka tækifæri í því að fá allt þetta unga fólk inn. Ef við viljum standa við stóru orðin um að efla iðn- og tæknimenntun þurfum við að efla sýnileika skólans. Það eru ótrúlega mörg tækifæri sem felast í þessu námi. Á sjálfri kynningunni förum við yfir allar þær 42 námsgreinar sem skólinn býður en þær eru raunar yfir áttatíu talsins. Við vorum þó einungis að kynna greinar sem hægt er að hefja nám í beint eftir grunnskóla."

> „Ef við viljum standa við stóru orðin um að efla iðn- og tæknimenntun þurfum við að efla sýnileika skólans.

Tækniskólinn býður 10. bekkingum aftur á sýninguna núna en á sýningunni verður mjög metnaðarfullur bás sem sýnir starfið. „Nemandi á hönnunar- og nýsköpunarbraut, Freyja María, teiknaði upp glæsilegan sýningarbás og síðan var hugmyndin lögð fyrir kennara í stálsmíði. Eftir miklar bollaleggingar ákváðum við að ráðast í þessa byggingu en þetta er hús sem er allt byggt úr stálgrindum. Á gólfinu er fallega útskorinn dúkur með mynstri. Þessi bás Tækniskólans er því glæsilegt listaverk sem nemendur og kennarar hafa sett saman."

Ólafur segir að nemendur 10. bekkjar séu bæði strákar og stelpur.

„Þetta eru margir skólar sem senda nemendur sína, bæði héðan af höfuðborgarsvæðinu og einnig utan af landi, frá Suðurlandi og úr Borgarbyggð.



Sýningarbás Tækniskólans á sýningunni Verk og vit árið 2016.


OKKAR SÉRFRÆÐINGAR VERÐA
Á STÓRSÝNINGUNNI
Verk og vit 2018
KLEEMANN
Your 1st Choice in Lifts
Fólkslyftur
Vörulyftur
ARITCO
Heimilis lyftur
Pallalyftur
SKG
MetallSchneider
SERVICE LIFTS & METAL CONSTRUCTIONS
Þjónustulyftur
Vörulyftur
ascendor
LIFTTECHNIK
Hjólastólalyftur
liftup
Tröppulyftur
Hjólastólalyftur
handicare
Sætislyftur
Íslandslyftur ehf - Smiðjuvegur 28 græn gata - Sími: 568-7600 - islandslyftur@islandslyftur.is
ÍSLANDSLYFTUR



# Fyrirlestrar á Verk og vit

**Föstudaginn 9. mars**

- Kynning fyrir 10. bekkinga/ Tækniskólinn
  *Klukkan 10-13 í Fyrirlestrasal 1*
- Framtíð höfuðborgarsvæðisins – skipulag, innviðir og fjármögnun
  *Klukkan 13-16 í Fyrirlestrasal 3 og 4*
- Vinnuljós framtíðarinnar/Fossberg
  *Klukkan 13.30 í Fyrirlestrasal 1*
- Krosslímt timbur, nálgun við hönnun og verkefni á Íslandi/ Element ehf.
  *Klukkan 14 í Fyrirlestrasal 1*
- Nýjungar í sjálfvirku orkueftirliti/Verkfræðistofan Vista
  *Klukkan 15 í Fyrirlestrasal 1*
- Þéttilausnir framtíðarinnar/ Einar Ágústsson & Co
  *Klukkan 16 í Fyrirlestrasal 1*
- StoSignature og StoTherm – Nýir og skapandi möguleikar í útveggjakerfum/BM Vallá
  *Klukkan 17 í Fyrirlestrasal 1*

**Laugardaginn 10. mars**

- Byggjum vistvænt/BYKO
  *Klukkan 13.00 og 14.30 í Fyrirlestrasal 1*



Mikill metnaður er lagður í básana á Verk og vit enda til verðlauna að vinna.

# Besti básinn verðlaunaður

Meðal þess sem hvetur sýnendur á Verk og vit 2018 áfram í því að gera bása sína sem best úr garði er sú staðreynd að í lok sýningar velur dómnefnd og verðlaunar áhugaverðustu básana. Síðast þegar sýningin var haldin, árið 2016, var það bás Tækniskólans sem bar sigur úr býtum en í öðru sæti var bás EFLU verkfræðistofu. Þriðja sætinu skiptu svo með sér Ergo og Trackwell. Sigurbás Tækniskólans þótti líflegur og að mikið væri lagt upp úr að gestir upplifðu sig sem þátttakendur í því sem fram fór þar. Tækniskólinn hefur lagt mikið upp úr því að nota sýninguna til að tengja saman menntun og atvinnulíf og sem dæmi má nefna kynningar sem skólinn stendur fyrir þar sem 10. bekkingum er boðið á sýninguna og þeim kynnt störf sem tengjast byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Það verður spennandi að fylgjast með því hvaða bás hlýtur náð fyrir augum dómnefndar í þetta sinn en 120 sýnendur keppa um hituna og leggja sig eflaust mikið fram um að gera bása sína sem glæsilegasta. Gestir á sýningunni Verk og vit eiga því von á góðu.

# Byggingariðnaður notar samfélagsmiðla minnst

Aðeins 29% íslenskra fyrirtækja í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð notuðu samfélagsmiðla til að þróa ímynd fyrirtækisins eða markaðssetja vöru árið 2017. Slík fyrirtæki nota samfélagsmiðla minnst hér á landi. Þetta kom fram í tölum frá Hagstofunni.

Veitingasala og þjónusta notaði samfélagsmiðla mest, en 89% fyrirtækja í þeim geira notuðu samfélagsmiðla á þennan hátt.

Á síðasta ári notuðu 79% íslenskra fyrirtækja sem hafa tíu starfsmenn eða fleiri samfélagsmiðla. Það er hæsta hlutfallið sem er að finna í Evrópu, en að meðaltali notuðu 47% fyrirtækja í Evrópusambandslöndunum samfélagsmiðla.

Mikil aukning hefur orðið í notkun fyrirtækja á samfélagsmiðlum síðustu ár. Árið 2017 voru 82% fyrirtækja með sína eigin vefsíðu og 63% voru með vef og voru líka á samfélagsmiðlum.







GÁMAHÚS FRÁ TRIMO

SJÁUMST Á STÓRSÝNINGUNNI
VERK OG VIT Í LAUGARDALSHÖLL 8.-11. MARS



Gámahúsin frá **TRIMO** eru færanleg stálgrindarhús klædd með yleiningum. Húsin eru í senn hagkvæm og fljótbyggð en jafnframt í hæsta gæðaflokki! Gámahúsin eru hentug lausn fyrir skóla, sveitafélög, ferðaþjónustu og fleira. Meðal nýlegra verkefna má nefna skólahúsnæði í Njarðvík, leikskóla á Ásbrú og aðstöðuhús fyrir ferðaþjónustu á Reykjanesi.

Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegur 6 | 113 Reykjavík
Sími 534 6050 | hysi@hysi.is | **www.hysi.is**

HÝSI


20%
AFSLÁTTUR
AF VERÐI
ALLRA
VÖRU-
TEGUNDA
DAGANA
8.-12. MARS
THE BODY SHOP®
KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI

# Léttari helgartiltekt

**Nú er helgin fram undan og margir sem sjá fram á að nota hana í að taka til á heimilinu. Farsælast er að minnka óreiðuna heima fyrir með því að losa sig jafnóðum við það sem er úr sér gengið eða aldrei notað.**

Flestir vilja nota helgarnar fyrir eitthvað skemmtilegra en tiltekt en oft verður ekki undan því komist að koma heimilinu í röð og reglu. Hægt er að gera eitt og annað til að auðvelda sér lífið. Það má t.d. hafa fyrir reglu að losa sig jafnóðum við föt sem maður er hættur að nota eða passa ekki lengur og fylla ekki fataskápinn af fötum sem veita enga gleði.

### Skórnir í endurvinnslu

Ef það er eitthvað sem ætti að selja, setja í endurvinnslu eða á nytjamarkaði þá eru það skór sem meiða mann. Það skiptir ekki máli hversu fallegir þeir eru, ef þeir passa ekki lengur eða hafa aldrei passað, munu þeir aldrei verða notaðir og þá er eins gott að leyfa öðrum að njóta þeirra.

### Sokkarnir týnast alltaf

Stakir sokkar virðast hlaðast upp í þvottahúsinu. Reyndar er hægt að ganga í ósamstæðum sokkum en þeir sem ekki hafa smekk fyrir því ættu að losa sig við stöku sokkana. Ósennilegt er að hinn sokkurinn finnist nokkurn tímann. Rauði krossinn endurnýtir allan textíl svo það er engin ástæða til að fá samviskubit þótt fatnaður eða skór endi þar.



Þvottahrúgan virðist aldrei minnka en það má nota hvert handklæði oftar en einu sinni til að draga úr þvotti.

### Þvotturinn endalausi

Þvotturinn er endalaust verkefni á hverju heimili, hvort sem hann er hreinn eða óhreinn. Draga má úr þvottahrúgunni með því t.d. að nota hvert handklæði oftar en einu sinni. Þá þarf að passa að láta það ekki enda á gólfinu og láta það þorna inni á milli. Ekki ætti þó að nota hvert handklæði oftar en þrisvar sinnum áður en það er sett í þvott. Að sjálfsögðu á að þvo handklæði við 60-90 gráðu hita.

### Tónlistin í tölvuna

Geisladiskar eru dæmi um hluti sem fáir vilja láta frá sér en ef þeir hafa ekki verið spilaðir í tíu ár er kominn tími til að nota hillurnar undir eitthvað annað. Flestir eru hvort eð er komnir með tónlistina í tölvuna eða símann. Ef ekki er hægt að losa sig við geisladiskana er hægt að taka þá úr hulstrinu og setja í albúm og spara þannig pláss.

### Farsímar fá lengra líf

Gamlir farsímar daga gjarnan uppi hjá fólki. Þeir kostuðu sitt og því finnst mörgum erfitt að henda þeim. Hins vegar standa hjálparsamtök af og til fyrir söfnunum á gömlum símum. Þá er um að gera að nota tækifærið og gefa símunum lengra líf og leyfa öðrum að nýta sér þá. Sama má segja um gamlar tölvur. Þótt þær séu úr sér gengnar geta þær vel nýst öðrum.

### Snyrtivörur renna líka út

Hver kannast ekki við að vera með fullar skúffur af gömlum snyrtivörum? Á umbúðum snyrtivara er ávallt mynd sem sýnir hversu lengi þær endast eftir að þær hafa verið opnaðar. Meik og hyljarar endast oftast ekki lengur en í hálft ár. Eftir það er aukin hætta á að bakteríur fari að grassera í þeim og valdi sýkingum í húðinni. Maskara á að endurnýja á þriggja mánaða fresti en góðu fréttirnar eru að varalitir og gloss eiga að endast í tvö ár.






Flott og nútímalegt umhverfi hjá Lindex á Laugavegi.

# Máta vöru sem keypt er á netinu

Lindex mun nú geta boðið alla vörulínu sína í gegnum netverslunina lindex.is. Boðið verður upp á afhendingu samdægurs alla virka daga. Verslunin er að Laugavegi 7 en þetta er fyrsta Lindex verslunin í heiminum sem býður upp á svokallað „click and collect“ fyrirkomulag. Risaspjaldtölvur prýða veggina en netstofa er á staðnum til að tryggja frábæra upplifun enn frekar, segir í tilkynningu frá fyrirtækinu.

„Þegar við opnuðum undirfataverslun fyrr á árinu tókum við eftir að mikil eftirspurn var eftir öðrum vörum, bæði dömu- og barnafatnaði. Við höfum því síðasta hálfa árið unnið með arkitektum Lindex að þessari einstöku verslun sem sameinar þægindin sem felast í því að versla á netinu og að geta mátað og skoðað vöruna,“ segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, umboðsaðili Lindex á Íslandi.

Hönnun verslunarinnar einkennist af skandinavísku yfirbragði og er rauði liturinn ríkjandi í smáatriðum og dregur fram einkenni vörumerkisins. Þægindin eru undirstrikuð með sérstakri netstofu þar sem notaleg stemning tekur á móti viðskiptavinum þar sem þeir geta fengið sér kaffibolla á meðan þeir skoða allt vöruúrval Lindex á risaskjáum. Einnig munu þeir sem versla að heiman geta sent pöntun sína á Laugaveginn og fengið pantanir sem berast fyrir kl. 15 afgreiddar samdægurs. Með þessu móti verður unnt að fyrirbyggja eitt af höfuðviðfangsefnum þessa vaxandi verslunarforms en það er að geta skoðað og mátað, skilað og skipt með auðveldum hætti.

„Netverslun er sífellt að ryðja sér meira og meira til rúms hér á landi en í Danmörku fara til dæmis 25% verslunar með fatnað og skó fram í gegnum netið. Þessi staðreynd og síbreytilegt markaðsumhverfi hvetur okkur til að taka skref eins og þetta. Við erum því spennt yfir að geta boðið allt okkar vöruúrval hér í miðbæ Reykjavíkur,“ segir Lóa enn fremur.


SUNDFÖT
Í GÓÐUM STÆRÐUM
STÆRÐIR 14-28 EÐA 42-56
Mikið úrval af fallegum fatnaði
sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
eða komdu í verslun Curvy að Fákafeni 9
Bikiní toppur
6.990 kr
Stærðir 38-44 D-H
Sundbolur
7.990 kr
Stærðir 14-26
Sundbolur
9.990 kr
Stærðir 18-24
Curvy.is
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!
Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



Ljúffengt túnfisksalat getur verið þægilegur millibiti um helgar.

## Túnfisksalat með eplum

Salat sem léttur hádegisverður með brauði.

- 2 dósir túnfiskur í olíu
- 1 epli með hýði, kjarnhreinsað og skorið smátt
- 1-2 sellerístilkar, skornir smátt
- ½ appelsínugul paprika, kjarnhreinsuð og skorin smátt
- Lúka af þurrkuðum trönuberjum
- Lúka af ferskri steinselju, saxaðri smátt
- Lúka af fersku dilli, söxuðu smátt
- Sletta af Dijon-sinnepi
- Sletta af nýkreistum sítrónusafa

Mokið túnfiskinum úr dósunum í skál og látið olíuna fylgja með. Bætið svo öllu hráefninu út í og hrærið vel saman. Berið fram með þykkri sneið af góðu brauði.




## Hugvísindaþing hefst í dag

Hugvísindaþing, árviss ráðstefna Hugvísindastofnunar, hefst í dag í Háskóla Íslands. Guðmundur Hálfdanarson, forseti hugvísindasviðs, setur þingið kl. 12.00 í Hátíðarsal Háskóla Íslands.

Á þinginu verður það helsta í hugvísindum kynnt í stuttum fyrirlestrum og málstofum sem eru ætlaðar bæði fræðasamfélaginu og almenningi. Hátíðarfyrirlesari verður Marina Warner, rithöfundur og prófessor í ensku og ritlist, en hún flytur fyrirlesturinn „Hugsað með sögum. Notkun ímyndunarafls á erfiðum tímum“.

Þingið hefur verið haldið árlega síðan 1996 og í ár flytja yfir hundrað innlendir og erlendir fræðimenn fyrirlestra um mjög fjölbreytt efni, sem þó fellur allt undir hatt hugvísinda. Aðgangur að þinginu er ókeypis og öllum opinn og það er hægt er að fræðast nánar um dagskrá þingsins á vef þess, hugvisindathing.hi.is.

## Svartidauði á Þjóðminjasafninu

Á sunnudaginn heldur Magnús Gottfreðsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, fyrirlestur þar sem hann veitir gestum Þjóðminjasafnsins innsýn í smitsjúkdóma og meðhöndlun sjúklinga hér á landi frá svartadauða á miðöldum til dagsins í dag.

Fullveldisárið 1918 gekk skæð sótt, spænska veikin svokallaða, og felldi marga. Þá öld sem liðin er hafa læknavísindi tekið stórstígum framförum og ljósmyndir úr fórum safnsins varpa ljósi á þær.

Fyrirlesturinn hefst klukkan tvö og aðgangur er ókeypis.

Á 100 ára fullveldisafmæli Íslands stendur Þjóðminjasafn Íslands fyrir sérstakri dagskrá á sýningum safnsins á Suðurgötu. Valinkunnir einstaklingar, sem þekktir eru fyrir störf sín í þágu samfélagsins, veita leiðsögn og ræða við safngesti um hugðarefni sín. Dagskrána má finna á heimasíðu safnsins thjodminjasafn.is.



Þjóðminjasafnið við Suðurgötu.



## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700




## Þjónusta

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald




Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com







# Keypt & Selt

## Til sölu



Borðstofu skápur H 2,25m,B 1,45m,D 0,5m og sófaborð um 140x70cm Í mjög góðu ástandi s. 783-2052

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

**HEILSUNUDD**
Nuddstofan, opið frá 10-20. einnig á laugardögum S. 561 6254

**HEILNUDD/SNYRTING**
Heilnudd, slökun, íþróttanudd og snyrting. Afslappandi og gott umhverfi á sv. 105 rvk. Opið kvöld og helgar. S. 894 4817

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3.herb. íbúð til langtímaleigu.Skilvísum greiðslum heitið og meðmæli ef óskað er. Uppl. adaldrifa@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Góð l.hæð+hurð. Leiga: 99 þ - Snyrtileg starfsemi Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**

Silfri ehf óskar eftir trukkabílstjóra og einnig vantar bílstjóra á fjögurra öxla bíl.

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

Óska eldri mönnum í garðvinnu og húsaviðgerðir, helst með reynslu. Íslenskumælandi. Uppl. í síma 616 1569.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



**Sóltún 1-3**
Öryggis- og þjónustuíbúðir
105 Reykjavík

Aðeins 5 íbúðir eftir

**OPIÐ HÚS**
laugardaginn 10.mars. kl.14:00-15:00

2-3 herbergja að stærð 79- 96,2 fm
Aðgengi að þjónustu - heimaþjónusta, heimahjúkrun, félagsstarf, heilsuefling og matur í hádeginu
Yfirbyggðar suður svalir
Eigið bílastæði í upphitaðum lokuðum bílakjallara
Stór pallur með sérafnotarétti fylgir jarðhæðaríbúðum
Afhending við kaupsamning, íbúðirnar fullbúnar með gólfefnum

Verð frá: **53,5 - 59,2 millj.**

Nánari upplýsingar veitir: **Jórunn Skúladóttir**, lögg. fasteignasali jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Nánari upplýsingar veita: **Axel Axelsson**, lögg. fasteignasali axel@emax.is **sími:** 778 7272

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



## Tilboð

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***á aðeins 5.500.-***

***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe SAFT

## Auglýsing vegna útboðs á veiði í Hítará, Grjótá, Tálma og Hítarvatni á Mýrum.

Veiðifélag Hítarár óskar hér með eftir tilboði í lax- og silungsveiði á starfssvæði félagsins fyrir árin 2019 til 2022, að öllum árum meðtöldum, samkvæmt meðfylgjandi útboðsskilmálum og fyrirliggjandi upplýsingum.

Útboðsgögn eru hjá umsjónarmanni útboðsins, Ólafi Sigvaldasyni, formanni Vf. Hítarár, Brúarhrauni, 311 Borgarnesi. Sími; 661 9860 Tölvupóstur; oli@emax.is og verða þau afhent í tölvupósti gegn 10.000.- kr. skilagjaldi.

**Frestur til að skila tilboði rennur út fimmtudaginn 12. apríl 2018, kl. 12:00.** Tilboðin verða opnuð opnuð í veiðihúsi Vf. Hítarár, Lundi, laugadaginn 14. apríl 2018 kl. 14:00 í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

**Tilboðum skal skila til:**
**Ólafs Sigvaldasonar,**
**Brúarhrauni,**
**311 Borgarnesi**




**HAPPY HOUR ALLA DAGA!! kl. 16-19**

Gullnáman

# Cafe Catalina

**Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is**

***„Best geymda leyndarmál Kópavogs"***

## LEIKIR HELGARINNAR:

**Laugardagur 10. mars**
12:30 Man.Utd-Liverpool
15:00 Everton-Brighton
17:30 Chelsea-Crystal Palace

**Sunnudagur 11.mars**
13:30 Arsenal-Watford
16:00 Bournmouth-Tottenham

**Mánudagur 12. mars**
20:00 Stoke City -Man.City

**Hljómsveitin Trap spilar föstudag og laugardag frá kl. 00:00 - 03:00**



**Hljómsveitina skipa þeir:**
**Rúnar Þór-Reynir Guðm-Örn Jóns-Rúnar Villa- Diddi Hermanns**

**Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar**



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
blómaval
KRANSA-KOLLUR
12 cm pottur
-30%
899kr
1.290 kr
Kransakollur
12 cm pottur.
11261989
890kr
1.190 kr
Ástareldur
12 cm pottur.
1132235
ÁSTAR-ELDUR
12 cm pottur
-25%
FRIÐAR-LILJA
13 cm pottur
-25%
1.490kr
1.990 kr
Friðarlilja
13 cm pottur.
11261128
RAUÐIR DAGAR
Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI
FRIÐAR-LILJA
-26%
1.990kr
2.690 kr
Friðarlilja
11325000
HAWAI RÓS
-33%
1.990kr
2.990 kr
Hawairós
11328066
25% afsláttur
Allar pottaplöntur, potthlífar, plastpottar og leirpottar
TÚLÍ-PANAR
10 STK.
-33%
990kr
1.490 kr
Túlípanar
10 stk.
PIPAR-SKOTT
11 cm pottur
-33%
990kr
1.490 kr
Piparskott
11 cm pottur.
11328126
VEGG & LOFTA-MÁLNING
3 LÍTRAR
-33%
JOTUN
NYHET
VEGG&TAK 2i1
RAUÐIR DAGAR
1.995kr
2.995 kr
Jotun vegg- og loftamálning 3 ltr.
Einstök málning sem hentar bæði á loft og veggi.
Auðveld í notkun, þekur vel og gefur góða útkomu.
7119781-83
54.990kr
68.900 kr
Baron 320
3 ryðfríir brennarar: Dual Tube 8,8 kW/h,
rafstýrður kveikjari, grillgrind úr pottjárni,
postulínshúðuð vermigrind.
Grillflötur 38x67 cm.
Hitamælir í loki.
3000611
RAUÐIR DAGAR
Broil King
BARON
BROIL KING GAS-GRILL
-20%
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
SJÓÐANDI HEIT TILBOÐ
Í VERSLUNUM HÚSASMIÐJUNNAR OG BLÓMAVALS UM LAND ALLT
Byggjum á betra verði

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Nokkuð hvöss norðanátt með éljum austanlands, annars hægari og víða bjart veður, en þykknar nokkuð upp með heldur vaxandi suðaustanátt með vesturströndinni síðdegis. Frost 0 til 8 stig, mildast með suður- og suðvesturströndinni.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -4° | -5° |
| ← 7 | ← 9 | ↘ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -4° | -3° | -8° |
| → 8 | ↓ 4 | ↙ 8 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -3° | -2° |
| ↙ 9 | ↙ 10 | ↙ 11 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | 0° | -5° |
| ↙ 7 | ↙ 6 | ↙ 12 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | 5 | | | | 7 |
| | 1 | 6 | 4 | | 7 | | 5 | |
| | | 7 | 8 | | | | | |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 4 | | 3 | 9 | 6 | 1 | | | |
| 1 | | | | 7 | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | 2 | 5 | 8 | | 4 |
| | | | | 8 | 3 | | 2 | |
| 8 | 6 | | | 4 | | 1 | 3 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | 2 | 6 | | | 7 |
| | 9 | | | | 7 | | 6 | 1 |
| | | 8 | | | | 9 | | |
| 4 | | | | | 9 | | | 2 |
| | 8 | 9 | 1 | | | | | 6 |
| 1 | | 3 | 5 | | | | | |
| | | | | | | 2 | | |
| | | | | | | | 1 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | | 1 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 7 | 2 | 4 |
| 4 | | 6 | | | 3 | | 5 | |
| | | | | 5 | | | | |
| | 5 | 8 | 2 | | | | | 6 |
| | 4 | | 6 | | | | | |
| 2 | | | | 4 | | | | |
| | | | | | | 6 | | |
| | 2 | 1 | 7 | | | 9 | | 8 |
| 6 | | 9 | 5 | 8 | | | | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 6 | 1 | 2 | 5 | 8 | 4 |
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 3 | 7 |
| 6 | 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 4 | 8 | 1 | 7 | 5 | 3 | 2 | 6 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 9 | 6 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 9 | 6 | 8 | 5 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 8 | 6 | 9 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 6 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 8 | 6 | 5 | 3 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 5 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 |
| 7 | 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 1 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 9 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 5 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 3 | 6 | 9 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 6 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 2 | 7 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. vilja
5. samtök
6. íþróttafélag
8. stæða
10. tveir eins
11. rénun
12. rétt
13. bættu við
15. frárein
17. andinn

**LÓÐRÉTT**
1. ofnréttur
2. hleypa
3. sigta
4. stöðvun
7. markvís
9. flossilki
12. listi
14. þakbrún
16. rómversk tala

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT**: 1. lysta, 5. asi, 6. fh, 8. stafli, 10. aa, 11. lát, 12. satt, 13. juku, 15. afrein, 17. sálin. **LÓÐRÉTT**: 1. lasanja, 2. ysta, 3. sia, 4. aflát, 7. hittinn, 9. flauel, 12. skrá, 14. ufs, 16. ii.

## Skák Gunnar Björnsson

Í dag fer fram Evrópumótið í Fischer-slembiskák í Hörpu kl. 13. Á mótinu taka þátt flestir sterkustu keppendur GAMMA Reykjavíkurskákmótsins.

**Hvítur á leik**
Staðan hér er ein 960 mögulegra upphafsstaðna á mótinu. Þetta verður mikil áskorun fyrir keppendurna. Áhorfendur velkomnir til að horfa á veisluna.

**www.skak.is:** GAMMA Reykjavíkurskákmótið.




# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið



**Stefnir ótrauð út í atvinnumennsku**
**Dagný Brynjarsdóttir,** lykilmaður í landsliði Íslands í fótbolta, á von á barni með unnusta sínum, Ómari Páli Sigurbjartssyni, í júlí. Ómar hefur lofað Dagnýju að fylgja henni aftur út í atvinnumennsku og styðja við ferilinn.

**Fá önnur tækifæri**
**Fjölmörg börn** flosna upp úr skóla af því að bóklegt nám hentar þeim ekki. Þau geta fengið ný tækifæri í atvinnutengdu námi.



**Neyðarsöfnun**
Það er ekkert eldfimara en orðræða um konur og líkama kvenna, segir **Stella Samúelsdóttir,** framkvæmdastýra landsnefndar UN Women, sem hrinti nýverið af stað neyðarsöfnun fyrir Róhingjakonur á flótta.



**Ástkona Churchills**
**Winston Churchill** þótti ekki mikill kvennamaður en í nýrri heimildarmynd er upplýst um ástarsamband Churchills og Doris Castlerosse.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





iRobot
RYKSUGUVÉLMENNI
HREIN SNILLD!
ÞÚ SPARAR 10.000
Roomba 612
VERÐ ÁÐUR...49.995
TILBOÐ .........39.995
VATNSHELDUR JBL
BLUETOOTH V4.2 HÁTALARI
20%
JBL
VERÐ ÁÐUR...24.895
TILBOÐ .........19.995
MEDISANA®
ANDLITSBURSTI
25%
VERÐ ÁÐUR.....4.995
TILBOÐ ...........3.745
KRINGLUKAST
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á WWW.BYGGTOGBUID.IS
LOFT HREINSITÆKI AIR
25%
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .........7.495
OHB NORDICA
COMPACT FRESH
MATVINNSLUVÉL
50%
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .........4.995
SNYRTISPEGILL
25%
VERÐ ÁÐUR..... 3.995
TILBOÐ ........... 2.995
POKALAUS RYKSUGA
Dirt Devil
33%
VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOÐ ........... 9.995
VEKJARI MEÐ LJÓSI OG ÚTVARPI
25%
VERÐ ÁÐUR...8.995
TILBOÐ .........6.745
Kai PureKomachi2
3stk HNÍFASETT
25%
VERÐ ÁÐUR... 7.995
TILBOÐ ......... 5.995
BRAZIL KAFFI SETT
PRESSUKANNA, FERÐAKRÚS, GLAS OG SKEIÐ
27%
VERÐ ÁÐUR...10.995
TILBOÐ ...........7.995
SHARP ÖRBYLGJUOFN
23%
FULLT VERÐ.... 12.995
TILBOÐSVERÐ ... 9.995
NESCAFÉ Dolce Gusto
Sjálfvirk Dolce Gusto Lumio kaffivél.
40%
FLOTTUR KAUPAUKI
BLACK MAGIC
VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ .........11.995
SOUS VIDE TÆKI FYRIR NÁKVÆMARI ELDUN
OBH NORDICA
35%
23%
LOFTTÆMINGARVÉL
VERÐ ÁÐUR...12.995
TILBOÐ ...........9.995
VERÐ ÁÐUR... 16.995
TILBOÐ ......... 10.995
DELONGHI MAGNIFICA ESPRESSO KAFFIVÉL
ÞÚ SPARAR 10.000
VERÐ ÁÐUR...59.995
TILBOÐ .........49.995
Tefal TALENT PÖNNUR
TITANIUM HÚÐ • ENGIN SKAÐLEG EFNI • VIRKAR Á ALLAR HELLUR - EINNIG SPAN
50%
24cm
28cm
VERÐ ÁÐUR...6.995
TILBOÐ .........3.495
TITANIUM PRO
VERÐ ÁÐUR...7.995
TILBOÐ .........3.995
50%
VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ .........2.995
VERÐ ÁÐUR... 12.995
TILBOÐ ...........6.495

# Ekki sitja bara í fílabeinsturninum og spjalla saman

**Hugvísindaþing hefst í dag og stendur fram á laugardag. Margrét Guðmundsdóttir verkefnastjóri segir að meginmarkmiðið sé að kynna það sem er efst á baugi í hugvísindum hverju sinni.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Hugvísindaþing, árleg ráðstefna Hugvísindastofnunar, hefst í Háskóla Íslands í dag. Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Hugvísindastofnunar, segir að meginhugsunin með þinginu sé að kynna það sem er efst á baugi í hugvísindum hverju sinni og koma því á framfæri við bæði almenning og fræðasamfélagið. „Við leggjum mikla áherslu á að ná til almennings, fá hann til okkar og segja frá því hvað við erum að gera hverju sinni.“

En hvað eru hugvísindi? Nær það hugtak ekki yfir óskaplega breitt svið? „Jú, þetta er mjög breitt svið. Það er eiginlega best að segja að hugvísindum sé ekkert mannlegt óviðkomandi. Á þessu þingi eru til að mynda málstofur um hefðbundnari sérsvið eins og bókmenntir, listir, söguna og tungumálið en svo eru líka margar málstofur sem fjalla um það sem við getum kallað jaðarsetta hópa. Það er til að mynda málstofa sem kallast Fötlun fyrir tíma fötlunar, önnur um nýjar hinsegin rannsóknir og málstofa sem heitir Vont fólk og ljótt – jaðarinn í íslensku samfélagi fortíðarinnar og málstofa um femínískar byltingar og þannig mætti áfram telja. Þetta eru svið sem eru talsvert í deiglunni þessa dagana en svo verður líka talað um lýðræði, umhverfi og dulspeki, þannig að þetta er gríðarlega fjölbreytt.“

Aðspurð um það hvort Hugvísindastofnun fylgi þinginu eftir með einhverjum hætti segir Margrét að það geri það með ýmsum hætti. „Erindi á þingi sem þessu verða oft að greinum en það er ekki á okkar vegum heldur fræðimannanna. En hins vegar er í farvatninu þemahefti Ritsins (tímarits Hugvísindastofnunar) út frá þema sem varð til á Hugvísindaþingi. Þetta hefti fjallar um kynbundið ofbeldi en við sáum á þinginu í fyrra hversu tíðrætt fólki varð um slíkt ofbeldi og við vildum fylgja þeirri umræðu eftir. Til þess hóuðum við saman þessu fólki og hvöttum það til að skrifa í slíkt hefti Ritsins.

En megináhrifanna gætir þó einfaldlega í því að það skiptir máli að hittast og tala saman. Það eitt og sér hefur áhrif. Að skiptast á skoðunum. Það er mjög mikilvægt að fræðimenn séu ekki bara að tala hver við annan heldur skili út í samfélagið því sem þeir eru að gera.“

Margrét segir að til þess að þetta gangi upp þá þurfi fræðimennirnir vissulega að vera meðvitaðir um að þeir séu að tala við bæði fræðimenn og leikmenn. „Mér hefur fundist á því sem ég hef hlustað á undanfarin ár að það séu allir að vanda sig við


**Margrét segist vona að á þeim vettvangi þar sem störf fræðimanna eru metin verði miðlun til almennings hærra skrifuð í framtíðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **ÞAÐ ER MJÖG MIKILVÆGT AÐ FRÆÐIMENN SÉU EKKI BARA AÐ TALA HVER VIÐ ANNAN HELDUR SKILI ÚT Í SAMFÉLAGIÐ ÞVÍ SEM ÞEIR ERU AÐ GERA.**

að tala til allra. Að feta þetta einstigi að halda sig á fræðilegum nótum en matreiða efnið þannig að það þurfi ekki að vera sérfræðingur til þess að skilja það.“

Ef litið er til þeirra bókverka sem íslenskir fræðimenn hafa verið að senda frá sér á allra síðustu árum þá er ekki laust við að það hvarfli að manni að fræðasamfélagið sé að auka það að tala til almennings. Margrét tekur undir að þetta geti vel verið raunin. „Mér finnst það fólk sem er í kringum mig vera mjög meðvitað um að það gangi ekki að sitja bara í fílabeinsturninum og spjalla saman. Þetta skapar hugsanlega einhvern vanda á þeim vettvangi þar sem er verið að meta störf fræðimanna vegna þess að þar er miðlun til almennings ekki nægilega hátt skrifuð. En þegar kemur að svona þingi þá er enginn að hugsa um það. Ég vona líka að það verði breyting á þessu á komandi árum en ég satt best að segja ræð því hvorki né veit.“

Hugvísindaþing verður sett kl. 12 í dag en svo hefjast fyrstu málstofurnar strax kl. 13. Það er rétt að benda áhugasömum á að kynna sér dagskrána inni á vefsvæðinu hugvisindathing.hi.is enda úrvalið mikið. Margrét bendir á að dagskráin muni svo standa fram eftir föstudegi og allan laugardaginn en með þessum tímasetningum sé verið að leitast við að ná til sem flestra. „Sumum hentar best að koma á vinnutíma en öðrum um helgi þannig að við reynum að fara bil beggja en stela þó ekki sunnudeginum.“


FORD KA+
SNJALLASTUR!

Ford KA+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford KA+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína.

Mánaðargreiðsla:
23.215 kr.
- Miðað við 80% Lykillán
- Kaupverð 1.790.000 kr.
- Útborgun 358.000 kr.
- Vextir 7,95%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,64%

VERÐ FRÁ:
1.790.000 KR.

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford KA+



brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is




1990.-




2490.-




1990.-



# BÓKA MARKAÐURINN

*Laugardalsvelli*

ÓTRÚLEGT ÚRVAL

## SÍÐASTA HELGIN!



**OPIÐ**
**KL. 10 – 21**
**ÖLL KVÖLD**




2490.-




2490.-




690.-




2490.-




2999.-




1499.-




490.-




1990.-




**1kg**

**1.098** kr. 1 kg

**Jarðarber Askja**
1 kg, Spánn

# LÆGRA VERÐ!




**3.998** kr. stk.

**Nutrilenk Gold**
Fyrir þá sem þjást af verkjum og sliti í liðamótum, 180 töflur.
Verð áður 4.598 kr.




**PRÓTEINBOMBA**

**200kr** verðlækkun

**1.398** kr. 200 g

**Gullfiskur Bitafiskur**
200 g - Verð áður 1.598 kr.

# SAMA VERÐ UM LAND ALLT




**4x2L**

**659** kr. 4x2 l

**Egils Kristall kippa**
4 x 2 l




**PRÓTEINBRAUÐ**
Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12 g kolvetni
pr. 100 g

**398** kr. 400 g

**Bónus Próteinbrauð**
400 g



**ALLTAF NÝBAKAÐ**



**4stk.**

**359** kr. 4 stk.

**Bónus Kjallarabollur**
Með osti, 4 stk.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



100% ÍSLENSKT ungnautakjöt

498 kr. 2x120 g

**Íslandsnaut Smash Style Hamborgarar**
2x120 g



119 kr. 2 stk.

**Smash Style Hamborgarabrauð**
2 stk. í pakka



298 kr. 250 ml

**Smash Style Hamborgarasósa**
250 ml



750g

298 kr. 750 g

**Aviko Steikar Franskar Kartöflur**
Frosnar, 750 g

KJARNAFÆÐI

LAMBALÆRI
með villtum íslenskum kryddjurtum



1.359 kr. kg

**Kjarnafæði Heiðalamb**
Kryddað lambalæri



Fullmeyrnað ÍSLENSKT Ungnautakjöt

4.598 kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Ribeye



4.598 kr. kg

**Íslandslamb**
Lambafille

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 9. MARS 2018

### Tónlist

**Hvað?** Beebee and the Bluebirds
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Beebee and the Bluebirds spila útgáfutónleika á Gauknum í kvöld, 2.500 krónur inn.

**Hvað?** Drullumall #1 – Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Post-dreifing er útgáfukollektíva sem samanstendur af ungu listafólki úr hinum ýmsu kimum grasrótarsenunnar í Reykjavík. Hópurinn hefur það að markmiði að auka sýnileika og sjálfbærni í listsköpun í krafti samvinnu. Í byrjun mars stendur Post-dreifing fyrir útgáfu á safnplötu (Drullumall #1), sem hefur að geyma alls kyns jaðartónlist, og er hugmyndin sú að gefa ákveðinn þverskurð af þeirri gífurlega fjölbreyttu tónlist sem senan hefur upp á að bjóða. Í kvöld verður svo útgáfuhófið.

**Hvað?** Radiohead ala Jazzenhausen
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bjórgarðurinn, Þórunnartúni
Nú er komið að því að Jazzenhausen-meðlimir ætla aðeins að skipta um gír og næstu fjóra föstudaga (frá 9. mars) verða þeir með Radiohead slagara í skemmtilegum djass- og blúsútfærslum.

### Viðburðir

**Hvað?** Halldór Nikulás Lárusson: Súfismi. Mystík og lífsviðhorf þessa einstaka trúarhóps.
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífspekifélagið, Ingólfsstræti



**Kári Viðarsson heldur tónlistaruppistandið Frjáls framlög á Kaffi Laugalæk í kvöld.**

**Hvað?** Tónlistaruppistand með leikaranum Kára Viðarssyni
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kaffi Laugalækur, Laugarnesvegi
Frjáls framlög er sprenghlægileg, grátbrosleg og afkáraleg gleðistund þar sem sveitaleikhúsmaðurinn tvíkvíðslitni og sí-kvíðasjúki Kári Viðarsson fer hamförum og leikur meðal annars hress lög í mismunandi tónlistarstílum.

**Hvað?** Danskvöld – jump, bugg og sving
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Danshöllin, Drafnarfelli
Danskvöld þar sem jump, bugg og sving verða allsráðandi. Hægt að rifja upp sporin, snúningana og sveiflurnar á Facebook-síðunni „Komið og dansið“.

**Hvað?** Pool Party – Únglingurinn í Reykjavík
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Vesturbæjarlaug
Vesturbæjarlaugin verður yfirtekin af unglingum í Reykjavík! Í boði verða tónleikar yfir og undir vatnsborði, uppistand, gjörningar og föstudagspartí! Þátttakendur eru meðal annars: Kórus, ASDFHG, Les Coquettes, Atli Finnsson, Elínborg Una, Sakana og DJ Snorri Ástráðs.

### Sýningar

**Hvað?** Opnun - Aerial Being | Yasuhiro Suzuki
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Grófinni
Japanski myndlistarmaðurinn Yasuhiro Suzuki sýnir Aerial Being, skúlptúrverk úr viðsjálu lofti. Loft er óvenjulegur efniviður þar sem tilvist þess er dregin í efa, enda er það ósýnilegt. En í verki Suzukis skilur loftið eftir skugga í huga þess sem ber það augum.

**Hvað?** Computer Spirit í Gallery Port & Ekkisens
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Gallery port, Laugavegi, og Ekkisens, Bergstaðastræti
Computer Spirit býður ykkur inn í veröld óséðra tengsla milli tölvunnar og mannsins, að hliði sýndarveruleikans þar sem dreginn er fram rafmagnaður andi andans, íklæddur holdi af innri hugbúnaði.

**Hvað?** Kveikjuþræðir: Kimi Tayler
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Laugarnesvegi
Kimi Tayler opnar einkasýninguna Safnið um gagnamagnið / Collection of data í Huldulandi, 1. hæð Listaháskólans á Laugarnesvegi 91, í dag. Er þetta fimmta opnun meistaranema í myndlist á vormisseri innan sýningaraðarinnar Kveikjuþræðir.



**Hlustunarpartí sýnt á Únglingnum í Reykjavík sem er fjögurra daga dans- og sviðslistadagskrá.** MYND/OWEN FIENE

## Hlustunarpartí þar sem unglingar spila sína uppáhaldstónlist

Um helgina verður sviðsverkið Hlustunarpartí sýnt á hátíðinni Únglingurinn í Reykjavík. Verkinu er lýst sem partíi þar sem hópur unglinga á aldrinum 13-17 ára spilar sína uppáhaldstónlist og segir áhorfendum í leiðinni frá tónlistinni og sjálfum sér. „Þetta er unglingaverk, flutt af unglingum fyrir aðra unglinga en ekki síður fyrir fullorðna sem hafa verið unglingar,“ segir í tilkynningunni.

Ásrún Magnúsdóttir danshöfundur hefur haft umsjón með uppsetningu verksins. Hún segir tónlistina í verkinu vera afar fjölbreytta. „Það kom mér mikið á óvart hversu fjölbreytt tónlistin er. Þau eru að hlusta mikið á íslenska tónlist, bæði nýja og gamla, allt frá Sturlu Atlas og Herra Hnetusmjöri yfir í Þorgeir Ástvalds og Hljóma.“

Verkið er sýnt í Kúlunni, Þjóðleikhúsinu. **– gha**




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
November Q&A ENG SUB. ........ 18:00
Women Of Mafia ENG SUB. ........ 17:30
Pure Hearts ENG SUB. ........ 18:00
An Ordinary Man ENG SUB. ........ 20:15
Before We Vanish ENG SUB. ........ 20:15
The Florida Project ........ 20:00
Beauty And The Dogs ENG SUB. ........ 22:00
The Nothing Factory ENG SUB. ........ 22:45
Call Me By Your Name ........ 22:30






# Aðalfundur Fjarskipta hf.

**Aðalfundur Fjarskipta hf. verður haldinn fimmtudaginn 22. mars 2018 kl. 16:00 í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík.**

## Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2017.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, sem fela í sér:
   **a)** Að nafnabreyta félaginu.
   **b)** Að breyta tilgangi félagsins.
   **c)** Að tryggja lögbundin kynjahlutföll í einni atkvæðagreiðslu.
   **d)** Að heimila rafræna framkvæmd hluthafafunda.
   **e)** Að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður viðauki við samþykktirnar.
5. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
6. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2018.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
10. Kosning endurskoðanda félagsins.
11. Önnur mál löglega upp borin.

## Aðrar upplýsingar:

Skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund er að finna á vefsíðu félagsins vodafone.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík, virka daga milli kl. 09:00 – 16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á eyðublaði sem unnt er að nálgast á vef félagsins.

Endanleg dagskrá og tillögur hafa verið birtar í Kauphöll og er unnt að nálgast á vef félagsins.

Sérstök tilnefningarnefnd hefur verið að störfum í samræmi við starfsreglur stjórnar og tilnefningarnefndar. Hluthafar og aðrir sem óskað hafa eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar að aðalfundi félagsins hafa átt þess kost að koma áhuga sínum og eftir atvikum framboði á framfæri við nefndina.

Með fyrirvara um að stjórn staðfesti lögmæti hlutaðeigandi framboða leggur tilnefningarnefnd til að þau Heiðar Guðjónsson, Anna Guðný Aradóttir, Hildur Dungal, Hjörleifur Pálsson og Yngvi Halldórsson verði kjörin til setu sem aðalmenn í stjórn og Tanya Zharov og Baldur Már Helgason sem varamenn í stjórn. Hefur skýrsla nefndarinnar verið birt í Kauphöll.

Tilnefningarnefnd mun leggja til að Kristinn Hallgrímsson hrl. verði fundarstjóri aðalfundarins.

Eftir sem áður er unnt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 eða fyrir kl. 16:00 laugardaginn 17. mars 2018. Framboð skulu berast á netfangið: tilnefningarnefnd@vodafone.is

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri á að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 16.00 laugardaginn 17. mars 2018 og ber að skila framboðum á netfangið: tilnefningarnefnd@vodafone.is

Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á aðalfundardegi.

Stjórn Fjarskipta hf.

vodafone




**1. HOBBY DELUXE-gólflampi.** Hvítur, króm eða grár. H 180 cm. 17.995 kr. Nú 13.496 kr. **2. PEWEE-hilla.** Svört. L 59 cm. 2.495 kr. Nú 1.871 kr. **3. EURICO-kaktus.** Svartur. H 32,5 cm. 5.995 kr. Nú 4.496 kr. **4. SAVONA-svefnsófi með legubekk.** Dökkgrár eða ljósgrár. Svefnflötur 140x197 cm. 89.900 kr. Nú 67.425 kr. **5. DETROIT-rúmföt.** Hvít/grá. 140x200/60x63 cm. 6.995 kr. Nú 5.246 kr.
**6. MADIA-skartgripastöng.** Gyllt á marmarafæti. H27 cm. 1.995 kr. Nú 1.496 kr. H22 cm. 1.795 kr. Nú 1.346 kr. **GASSY-skartgripastandur.** Ljósgrár. L 18 cm. 2.495 kr. Nú 1.871 kr.
**7. DIAMANT-lofljós.** Svart. Ø 18 cm. 5.995 kr. Nú 4.496 kr. Ø 36 cm. 8.995 kr. Nú 6.746 kr. **8. WOODSTOCK-skrifborð.** Hvíttuð eik. 105 x 45 x 74 cm. 44.900 kr. Nú 33.675 kr.
**9. JUPITER-skrifborðsstóll.** Grár eða dökkgrár. 24.900 kr. Nú 18.675 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró

**FACEBOOK**.COM/ILVAISLAND
**INSTAGRAM** .COM/ILVAISLAND

# DAGSKRÁ

# Föstudagur



**ABSOLUTELY FABULOUS: THE MOVIE**
KL. 20:55
Þær eiga engan sinn líka, þessar eðalskvísur! Edina og Patsy lifa lífinu eins og þeim einum er lagið en svo upphefst mikið klúður og hvernig taka þær á því, stöllurnar? Stórskemmtileg og sprenghlægileg gamanmynd með vænni skvettu af glæpum og undirferli.

Frábært
**Föstudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**SO YOU THINK YOU CAN DANCE**
KL. 19:25
Stærsta danskeppni í heimi þar sem efnilegir dansarar fá tækifæri til að slá í gegn. Í hverri viku fá þeir krefjandi verkefni og það fækkar í hópnum þar til ný dansstjarna er krýnd.





**MIKE AND DAVE NEED WEDDING DATES**
KL. 22:25
Bræðurnir Mike og Dave hafa sérstakt lag á því að eyðileggja allar samkomur sem þeir sækja vegna vitleysunnar sem þeir taka iðulega upp á að framkvæma.

**THE INTERPRETER**
BÍÓ KL. 22:00
Pólitískur spennutryllir um svikráð og samsæri innan Sameinuðu þjóðanna með Sean Penn og Nicole Kidman í aðalhlutverkum.



**FIRST DATES**
KL. 20:50
Frábærir þættir þar sem fylgst er með stefnumótum nokkurra einstaklinga í hverjum þætti.




Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** Ljóti andarunginn og ég
**08.05** The Middle
**08.30** Drop Dead Diva
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Mike & Molly
**10.45** Anger Management
**11.10** The Heart Guy
**12.00** Atvinnumennirnir okkar
**12.35** Nágrannar
**13.00** Moneyball
**15.20** The Secret Life of a 4 Year Olds
**16.10** I Own Australia's Best Home
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.25** Curb Your Enthusiasm
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** So You Think You Can Dance
**22.30** Mike and Dave Need Wedding Dates Stórskemmtileg gamanmynd frá 2016 með Zac Efron og Adam Devine sem er þekktastur úr gamanþáttunum Modern Family ásamt Önnu Kendrick. Bræðurnir Mike og Dave hafa sérstakt lag á því að eyðileggja allar samkomur sem þeir sækja vegna vitleysunnar sem þeir taka iðulega upp á að framkvæma. Þegar brúðkaup systur þeirra og unnusta hennar stendur fyrir dyrum krefst faðir þeirra þess að þeir finni sér stúlkur til að mæta með í brúðkaupið því hann heldur að þær geti komið í veg fyrir að þeir eyðileggi það eins og allt annað sem þeir koma nálægt.
**00.10** Pay the Ghost Spennutryllir frá 2015 með Nicolas Cage í aðalhlutverki. Það er hrekkjavaka í New York. Mike Lawford er nýbúinn að fá stöðuhækkun upp í stöðu prófessors. Hann fer í heimsókn til fjölskyldu sinnar og hann og sonur hans fara í hrekkjavökuskrúðgöngu. Þegar Lawford er að kaupa ís fyrir Charlie spyr drengurinn hvort þeir geti borgað draugnum, og hverfur svo. Mike og Kristen leita að syni sínum án árangurs. Einu ári síðar kemst Mike að því að lögreglan finnur aldrei börn sem hverfa á hrekkjavökunni.
**01.45** The Darkness
**03.15** Estranged
**04.45** Moneyball

## STÖÐ 2 SPORT

**08.40** Marseille - Athletic Bilbao
**10.20** Keflavík - ÍR
**12.00** Haukar - Valur
**13.40** Domino's körfuboltakvöld
**15.20** A. Madrid - L. Moskva
**17.00** Leipzig - Zenit
**18.40** PL Match Pack
**19.10** La Liga Report
**19.40** Premier League Preview
**20.10** Evrópudeildarmörkin
**21.00** Domino's körfuboltakvöld
**22.40** Bundesliga Weekly
**23.10** Búrið
**23.45** UFC Live Events

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.40** Leipzig - Zenit
**10.20** MD í hestaíþróttum - Samantekt
**11.05** Liverpool - Porto
**12.45** PSG - Real Madrid
**14.25** Meistaradeildarmörkin
**14.55** AC Milan - Arsenal - mars
**16.35** Marseille - Athletic Bilbao
**18.15** ÍR - Haukar
**19.55** Lengjubikarinn
**21.35** Brighton - Arsenal
**23.15** Manchester City - Chelsea

## STÖÐ 3

**18.20** Fresh Off The Boat
**18.45** Baby Daddy
**19.10** Last Man Standing
**19.35** Entourage
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** First Dates
**21.35** Bob's Burgers
**22.00** American Dad
**22.25** UnReal
**23.10** NCIS. New Orleans
**23.55** Entourage
**00.45** Friends
**01.10** Last Man Standing
**01.35** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveins
**08.49** Rasmus Klumpur
**08.54** Lalli
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og litli
**10.13** Víkingurinn Viggó
**10.27** K3
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Kormákur
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveins
**12.49** Rasmus Klumpur
**12.54** Strumparnir
**13.19** Lalli
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og litli
**14.13** Víkingurinn Viggó
**14.27** K3
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Kormákur
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveins
**16.49** Rasmus Klumpur
**16.54** Strumparnir
**17.19** Lalli
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og litli
**18.13** Víkingurinn Viggó
**18.27** K3
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Kormákur
**19.00** Elías og Fjársjóðsleitin



Mörgæsirnar frá Madagaskar, kl. 07.24, 11.24 og 15.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Champions Tour Highlights
**08.55** Valspar Championship
**12.55** Golfing World
**13.45** Valspar Championship
**17.45** Inside the PGA Tour
**18.10** Golfing World
**19.00** Valspar Championship
**23.00** PGA Highlights

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.40** Snowden
**10.50** Mr. Turner
**13.15** Notting Hill
**15.15** Snowden
**17.25** Mr. Turner
**19.55** Notting Hill
**22.00** The Interpreter Pólitískur spennutryllir um svikráð og samsæri innan Sameinuðu þjóðanna með Sean Penn og Nicole Kidman í aðalhlutverkum. Penn leikur leyniþjónustumann sem fenginn er til þess að njósna um túlk, leikinn af Kidman, hjá Sameinuðu þjóðunum sem kveðst hafa orðið vitni að samsæri um að ráða mikilvægan embættismann af dögum. Um leið verður túlkurinn sjálfur skotmark og leyniþjónustumaðurinn þarf að beita allri sinni útsjónarsemi til að vernda hann.
**00.05** Flight 7500 Spennutryllir frá árinu 2014 sem segir frá 230 farþegum og áhöfn flugs frá Los Angeles til Tókýó. Skömmu eftir flugtak byrja undarlegir hlutir að gerast og það virðist vera sem yfirnáttúrulegt afl hafi tekið sér bólfestu í vélinni.
**01.25** The Boy
**03.00** The Interpreter

## RÚV

**11.00** ÓL fatlaðra. Setningarathöfn
**12.50** Tobias og sætabrauðið
**13.20** Heilabrot
**13.50** Before the Flood
**15.35** Níundi áratugurinn
**16.20** Landinn
**16.50** Táknmálsfréttir
**17.00** Haukar - ÍBV
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Tracey Ullman tekur stöðuna
**20.15** Gettu betur
**21.25** Vikan með Gísla Marteini
**22.10** Vera - Á Harbour-stræti
**23.40** Brjáluð ást
**01.10** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.00** Dr. Phil
**13.40** The Mick
**14.00** Man With a Plan
**14.20** Trúnó
**15.00** Family Guy
**15.25** Glee
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** America's Funniest Home Videos
**19.30** The Voice USA
**21.00** The Bachelor
**22.30** 3 ting
**02.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**03.05** The Walking Dead
**03.50** Penny Dreadful
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




Andalucía



**Hotel Playa Bonita**

**Frá kr. 83.290 m/morgunmat innif.**

Netverð á mann frá kr. 83.290 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 97.890 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
20. maí í 12 nætur.



**Ms Aguamarina Suites**

**Frá kr. 100.890 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 100.890 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu. Netverð á mann frá kr. 132.290 m.v. 2 fullorðna í svítu.
20. maí í 12 nætur.



**Apartamentos Ronda**

**Frá kr. 92.445 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 92.445 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 123.255 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
2. júlí í 11 nætur.



**Hotel Roc Costa Park** +

**Frá kr. 129.820 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 129.820 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 147.195 m.v. 2 fullorðna í herb.
2. júlí í 11 nætur.



**Marconfront Griego Mar**

**Frá kr. 125.765 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 125.765 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 139.895 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
13. júlí í 10 nætur.



**Bajondillo Apartments**

**Frá kr. 97.265 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 97.265 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 107.295 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
13. júlí í 10 nætur.



**Hotel Best Triton**

**Frá kr. 136.345 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 136.345 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 161.095 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
23. júlí í 11 nætur.



**Palia Las Palomas** +

**Frá kr. 154.430 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 154.430 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 160.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
23. júlí í 11 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SÍA • NM87036

595 1000 • heimsferdir.is

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

# Katalónski töffarinn Bad Gyal



Bad Gyal er aðeins 21 árs en hefur verið að gera það ansi gott í Evrópu og víðar.

Bad Gyal spilar á föstudagskvöldinu á hátíðinni Sónar Reykjavík. Þessi katalónska söngkona hefur verið að gera það gott víðsvegar um heiminn með sérstökum bræðingi af bæði tónlistarstefnum og tungumálum.

Bad Gyal er kornung spænsk tónlistarkona, hún er aðeins 21 árs og semur einhvers konar sambræðing af dancehall- og hipphopptónlist. Hún kemur frá 20 þúsund manna bænum Vlassar de Mar í Katalóníu en er búsett í Barcelona. Hún vakti fyrst athygli fyrir eins konar cover-útgáfu af laginu Work með Rihönnu sem hún kallaði Pai og syngur þar með djúpu Auto Tune á katalónsku um grasreykingar og peninga.

Geturðu sagt mér aðeins frá tónlistinni sem þú hlustaðir á í æsku?

„Þegar ég var barn hafði ég aðeins aðgang að tónlistinni sem ég heyrði í sjónvarpi og útvarpi. Af þeirri tónlist var ég mjög hrifin af Beyoncé, Destiny's Child og Akon. Síðar, svona á árunum 2005-2006 varð karíbatónlist mjög vinsæl og ég uppgötvaði listamenn eins og Sean Paul og Keyvyn Little. Ég keypti plötuna The Trinity með Sean Paul þegar ég var átta eða níu ára. Það varð til þess að ég datt inn í dancehall.

Ég sá auglýsingu í sjónvarpinu um The Trinity. Í auglýsingunni hljómaði lagið Ever Blazin. Ég bað foreldra mína um plötuna í afmælisgjöf og þau keyptu hana handa mér. Þessi plata var mér mjög mikilvæg.“

Aðspurð hvort hún hafi alist upp í kringum eða í einhvers konar rappsenu þarna í smábænum þar sem hún sleit barnsskónum svarar hún því til að það hafi nú svo sem verið einhverjir unglingar í þeim gír, en hún hafi aldrei tekið þáttt í því enda tengi hún ekkert við rappsenuna almennt.

Hvaðan færð þú þennan sérstaka hljóm?

„Þetta var ekkert sem ég planaði. Ég geri bara það sem mér finnst rétt og tek upp það sem kemur út. Tónlistin sem ég hlusta á hefur vísast til einhver áhrif á blaði en ekkert er planað hjá mér og ég tek alltaf upp á mjög frjálslegan hátt, þetta er „freestyle“.“

**ÉG HEF KOMIST AÐ ÞVÍ AÐ TUNGUMÁL SKIPTIR EKKI MÁLI ÞVÍ ÉG HEF SPILAÐ Á MÖRGUM MISMUNANDI STÖÐUM Í HEIMINUM OG ALLIR HAFA ELSKAÐ MELÓDÍURNAR OG RYÞMANA.**

Það er ekki nóg með að ákveðin mixtúra sé í hljómnum í tónlistinni þinni heldur er bræðing að finna í tungutakinu – þú blandar saman katalónsku, spænsku og ensku eins og ekkert sé. Finnst þér tungumál vera einhvers konar hindrun þegar kemur að því að flytja tónlist fyrir heimsbyggðina, eða er það tónlistin sjálf sem sér um að tala?

„Ég hef komist að því að tungumál skiptir ekki máli því ég hef spilað á mörgum mismunandi stöðum í heiminum og allir hafa elskað melódíurnar og ryþmana. Mig grunaði aldrei að þetta yrði svona stórt hjá mér og ég er auðvitað alveg í skýjunum yfir því.“

Bad Gyal segist stanslaust vera að vinna að nýrri tónlist, enda geri hún það heima hjá sér þannig að hún er alltaf í vinnunni. Þegar hún spilar á Sónar segist hún ætla að skella í sína helstu smelli auðvitað en einnig ætli hún að taka nokkur lög af nýja mixteipinu sínu.

Bad Gyal kemur fram á SonarHall sviðinu í Hörpu á Sónar Reykjavík hátíðinni föstudaginn 16. mars.

stefanthor@frettabladid.is



Framtíðarreikningur Íslandsbanka

Fjárfesting til framtíðar

Leggðu grunn að góðri framtíð með Framtíðarreikningi Íslandsbanka. Börn á fermingaraldri sem koma í sparnaðarráðgjöf ásamt foreldrum sínum eða forráðamönnum fá tvo bíómiða í gjöf frá bankanum. Ef þau kjósa að ávaxta 30.000 kr. eða meira fá þau 6.000 kr. mótframlag frá Íslandsbanka að auki.

Bókaðu tíma á islandsbanki.is/framtidarreikningur

440 4000
@islandsbanki
islandsbanki.is

# Föt sem konur vilja klæðast

**Tískuvikan í París** er á enda þar sem tískuhúsin sýndu haust- og vetrarlínur sínar fyrir árið 2018. Konur, kvenleiki og föt sem konur vilja klæðast voru í aðalhlutverki hjá þessum fjórum tískuhúsum sem stóðu upp úr að mati Glamour.



## LOUIS VUITTON

Pils, toppar yfir þunnar peysur, keðjur og falleg smáatriði einkenndu sýningu Nicolas Ghesquière fyrir franska tískuhúsið. Fatnaðurinn var aðeins kvenlegri en sumarlínan hans fyrir tískuhúsið, og engir strigaskór voru í augsýn.



## LOEWE

Klæðilegar yfirhafnir voru í aðalhlutverki hjá Loewe og voru hvorki meira né minna en fimmtán kápur sendar fram á tískupallinn. Jonathan Anderson lagði áherslu á yfirhafnir fyrir öll tilefni, allt frá brúnum hversdagskápum yfir í svartar og dramatískari, sem hæfa fyrir kvöldin. Þessi brúna kápa væri fullkomin fyrir íslenskt veðurfar.



## PACO RABANNE

Ferskleiki einkenndi fyrirsætur Paco Rabanne, þar sem þær gengu niður tískupallinn nánast ómálaðar. Flíkurnar voru mjög klæðilegar, frá silfurlitum pilsum við prjónapeysur til ljósbleikra silkikjóla. Franskar konur voru í huga Julien Dossena við hönnun línunnar, og er þetta línan sem ætti að klæðast til að líta út eins og þær.



## BALENCIAGA

Demna Gvasalia sendi konur og karla saman niður tískupallinn, á sýningu sem var ein sú besta í tískuvikunni. Hettupeysur, þröng pils og sokkastígvél eru flíkur sem hann kom í tísku, og var þessar flíkur að finna í vetrarlínunni. Demna hefur einnig látið í sér heyra þegar kemur að góðgerðarmálum og gagnrýnir einnig tískuheiminn fyrir offramleiðslu fatnaðar. Vinsældir Demna munu líklega ekki dvína á næstunni, því bæði hugsun hans og hönnun er á réttum stað.

















Mike Stroud býr og starfar í New York en er alltaf með annan fótinn á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tónlistin mestmegnis unnin í gegnum tölvupóst

**Tónlistarmaðurinn Mike Stroud, sem margir kannast við úr hljómsveitinni Ratatat, er staddur hér á landi, meðal annars til að fagna útgáfu plötunnar Birds Don't Fly, sem hann var að gefa út með nýja bandinu sínu, Kunzite.**

Þeir Mike Stroud og Agustin White skipa hljómsveitina Kunzite. Þeir voru að gefa út plötuna Birds Don't Fly og útgáfunni var fagnað um seinustu helgi hér á landi. „Við kynntumst á tónleikaferðalagi í kringum árið 2001. Við urðum miklir vinir þá en vorum kannski ekki í miklu sambandi vegna anna, ég var t.d. þá að spila mikið með Ratatat. En við hittumst svo aftur nokkrum árum síðar á Coachella. Eftir það fórum við að senda á milli tónlist, fram og til baka. Við fórum mjög óformlega að vinna saman að nýrri tónlist," útskýrir Mike sem býr í New York og er með annan fótinn á Íslandi en Agustin býr á Havaí.

Meirihluti plötunnar Birds Don't Fly var unninn í gegnum tölvupóstsamskipti að sögn Mikes. „Tónlistin er mestmegnis unnin í gegnum tölvupóst en við náðum samt að heimsækja hvor annan nokkrum sinnum í ferlinu," segir Mike. Hann segir samstarf þeirra Agustins ganga furðuvel miðað við hvað þeir ná sjaldan að hittast.

„Það er rosalega gaman að vinna á þennan hátt en það getur líka verið krefjandi. Það er klárlega auðveldara að vinna tónlist með einhverjum ef þið eruð saman í herbergi," segir hann og hlær.



Fyrsta plata Kunzite heitir Birds Don't Fly.

Hann segir lykilinn að farsælli samvinnu vera opin samskipti í þeirra tilfelli. „Við erum óhræddir við að tjá okkur hvor við annan. Við gáfum hvor öðrum ætíð svigrúm til að vinna og tókum alltaf fram að það væri í lagi að breyta þeirri tónlist sem maður var búinn að gera. Ég samdi til dæmis eitthvert lag heima en skildi eftir ákveðið pláss fyrir Agustin. Svo sendi ég lagbútinn á hann og hann fyllti inn í eða breytti því sem ég gerði. Og á meðan byrjaði ég á einhverju nýju," útskýrir Mike. „Í svona vinnuferli þýðir ekki að vera hörundsár."

### Meiri listamenn heldur en viðskiptamenn

Mike og Agustin stofnuðu eigið útgáfufyrirtæki, Soul System Records, til að gefa Birds Don't Fly út og í því fólst mikil vinna að sögn Mikes. Hann viðurkennir að þeir Agustin séu meiri listamenn heldur en viðskiptamenn. „Þetta hefur verið lærdómsríkt, að stofna eigið útgáfufyrirtæki og gefa út plötu, alveg upp á eigin spýtur. Við erum smátt og smátt að finna út úr þessu. Við elskum báðir að gera tónlist en erum ekki endilega viðskiptaþenkjandi," segir hann og hlær.

**VIÐ ELSKUM BÁÐIR AÐ GERA TÓNLIST EN ERUM EKKI ENDILEGA VIÐSKIPTAÞENKJANDI.**

„En það er geggjað að vera búinn að þessu. Smá stressandi en aðallega spennandi. Við kláruðum plötuna reyndar fyrir einhverju síðan en tókum okkur góðan tíma í að undirbúa útgáfuna. Það er nefnilega tímafrekt að gera allt sjálfur," segir Mike.

### Byrjaðir að vinna að nýrri tónlist

Spurður út í hvað sé á döfinni segir Mike: „Við erum sko strax byrjaðir að vinna að nýrri tónlist. Svo munum við klárlega fara í tónleikaferðalag, bara ekki alveg strax. Við ætlum að halda áfram að vinna meira í stúdíóinu og halda svo tónleika. Það er nefnilega skemmtilegra að halda tónleika þegar maður á nóg af tónlist til að spila."

„Svo ætlum við að gera fleiri tónlistarmyndbönd," segir Mike en þeir Agustin hafa nú þegar gefið út tvö myndbönd. Annars vegar við lagið Pressure og hins vegar við lagið Vapors sem hefur vakið töluverða athygli enda um forvitnilegt myndband að ræða. „Myndbandið við lagið Vapors var skotið í Los Angeles. Leikstjóri þess heitir Dugan O'Neal en hann lék líka eitt aðalhlutverkið í myndbandinu. Svo fékk hann pabba sinn og eiginkonu til að leika í því líka. Það var rosalega gaman hvað hann var tilbúinn að fá bara alla fjölskylduna sína til að leika í því," segir Mike og hlær. „Við munum klárlega gera annað myndband með honum bráðum."

Mike bendir að lokum á að áhugasamir geti pantað nýju plötuna á geisladisk og á vínyl í gegnum heimasíðu þeirra, kunzitemusic.com, og hlustað í gegnum Spotify.

gudnyhronn@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*




## Sothys

Dásamleg nærandi og mýkjandi krem og serum sem styrkja og yngja. **Afsláttur af allri línunni.**




## Alessandro

Ást er yfirskriftin hjá Alessandro, ekki láta þessa fallegu liti framhjá þér fara! Þú færð silkimjúkar hendur með ManiQURE Rose handáburðinum. **Afsláttur af allri línunni.**




## Snyrtitöskur

Fallegar snyrti- og farðatöskur í ýmsum stærðum og litum. **Afsláttur af allri línunni.**




## BronzExpress

Nú er tími fyrir fallega brúnku! BronzExpress gefur þér fallegan lit sem endist.




## OMG maskar

OMG maskarnir eru hið fullkomna dekur! Nærandi og hreinsandi maskar sem nostra við húðina. **Afsláttur af allri línunni.**




## Wet Brush

Mest seldi flækjuburstinn í Bandaríkjunum! Wet Brush burstinn er ótrúlega sveigjanlegur og lagar sig að þínu hári. Kemur í mörgum litum og tegundum. **Afsláttur af allri línunni.**




Tryggðu þér þínar eftirlætisvörur á enn betra verði. Tilboðin gilda í öllum verslunum Lyfju og í netverslun okkar á lyfja.is

# Taktu dekurtjútt í verslunum Lyfju

## Tilboðsdagar 1.–11. mars.

lyfja.is

LYFJA
– Lifið heil

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177



**BAKÞANKAR**
Þórarins Þórarinssonar




## Pest

Ein helsta og elsta fyrirmynd mín í lífinu er geðstirða öndin Andrés. Síðar komu Láki jarðálfur, Fúsi froskagleypir, Humphrey Bogart, Lord Byron, Jim Morrison og Mickey Rourke.

Glataðar fyrirmyndir. Eiginlega er ég lifandi sönnun þess að fyrirmyndir ætti að afnema með öllu. Hver manneskja ætti að leggja sig fram um að vera nákvæmlega sú sem hún er. Ekkert annað.

Gargið í frumfyrirmynd minni hefur bergmálað í hausnum á mér í allan vetur. Meira að segja með íslenskum texta.

Í gamalli stuttmynd fer Andrés út í skóg að mynda fuglalíf. Allar verðlaunatökurnar eyðilögðust þegar fuglinn Aracuan, hinn kærulausi trúður skógarins, trommaði upp í góðum gír.

Við Andrés þolum ekki pakk í góðum gír. Drési fékk sig að lokum fullsaddan og gargaði á illfyglið, á íslensku: „Drullaðu þér, pestin þín!“

Þessi orð sturluðu andarinnar sem er minn Muninn í fuglametingi mínum við Óðin hef ég gólað sárþjáður síðan í september og er enn að. Fyrir sléttum hundrað árum höfðum við frostaveturinn mikla og nú höfum við pestarveturinn mikla.

Ég hef samt fengið nóg og nenni ekki fleiri pestarlegum í ár. Einhvern tíma var mér sagt að vor árlega pest væri kölluð „Asíuflensa“ vegna þess að óværan byrjar alltaf í Kína vegna þess að þar skeina þeir sér með fingrunum.

Í fyrstaheimsþjáningum mínum vildi ég óska þess að þau þarna hinum megin á hnettinum byrjuðu að nota salernispappír. Að vísu er það ekki mjög umhverfisvænt og heilu regnskógarnir myndu spænast upp ef rúmur milljarður af rassgötum træði sér í lúxusklúbbinn okkar.








HEILSUDÝNUR OG -RÚM



RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

Seljum í stuttan tíma eldri gerðir rúma, sýningareintök og skiptidýnur með veglegum afslætti.

25-50% AFSLÁTTUR

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK